



Fagfjárfestasjóðurinn Landsbréf - BÚS I.

Lýsing gefin út í tengslum við stækkun skuldabréfaflokksins BUS 56 sem skráður er á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Lýsing þessi er dagsett 5. október 2018

Umsjónaraðili með töku BUS 56 til viðskipta:
Landsbankinn hf.



Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Landsbréf - BÚS I.

Verðbréfalýsing

5. október 2018

Efnisyfirlit

1.	Áhættuþættir	4
1.1	Almenn áhætta skuldabréfa.....	4
1.1.1	Lagaumhverfi útgefanda og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði	5
1.2	Áhætta tengd skuldabréfunum	6
1.2.1	Markaðsáhætta	6
1.2.2	Verðtryggingaráhætta.....	6
1.2.3	Vaxtaáhætta.....	6
1.2.4	Seljanleikaáhætta	7
1.2.5	Mótaðilaáhætta.....	7
1.2.6	Endurgreiðslu- og lausafjárahætta	7
1.2.7	Vanskilaáhætta	8
1.2.8	Áhætta við slitaferli.....	8
1.2.9	Útlánaáhætta	9
1.2.10	Umfram- og uppgreiðsluáhætta	9
1.2.11	Uppgjörsáhætta	9
1.2.12	Áhætta vegna skilmálabreytinga	9
1.2.13	Lagaleg áhætta og ágreiningsmál.....	9
2.	Skuldabréfin.....	11
2.1	Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna	11
2.2	Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin	12
2.2.1	Tryggingar og helstu eiginleikar eigna útgefanda.....	13
2.2.2	Gjaldfelling vegna vanskila	16
2.2.3	Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar	16
2.2.4	Samþykki fyrir gjaldfellingu.....	17
2.2.5	Forgangsroðun skuldabréfanna	17
2.2.6	Skilmálabreyting	17
2.2.7	Breyting á reglum útgefanda.....	18
2.2.8	Rafræn skráning og framsal	18
2.2.9	Afskráning.....	18
2.2.10	Réttindi og skyldur.....	18
2.3	Rekstrarfélag útgefanda	18
2.4	Heimild til skuldabréfaútgáfu	19

2.5	Lög sem gilda um skuldabréfin.....	19
2.6	Skattamál.....	19
2.7	Tilgangur útgáfu skuldabréfanna	19
2.8	Ábyrgð á greiðslu útgáfu.....	20
2.9	Upplýsingar frá þriðja aðila	20
2.10	Taka skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.....	20
2.10.1	Kostnaður vegna töku til viðskipta	20
2.10.2	Tilgangur með töku skuldabréfanna til viðskipta.....	20
2.11	Viðskiptavakt	21
2.12	Undirliggjandi eign	21
2.12.1	Tilgangur kaupa sjóðsins á lánsamningum.....	22
2.12.2	Um ráðstöfun uppgreiðsluandvirðis eigna sjóðsins	23
2.12.3	Bókfært virði.....	23
2.12.4	Varsla	23
2.13	Skipulag og áætlað sjóðstreymi útgefanda.....	23
3.	Tilkynning til fjárfesta	25
3.1	Gildistími og skjöl til sýnis	26
3.2	Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar	26
3.3	Hugsanlegir hagsmunaaárekstrar	27
3.4.1	Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar rekstrarfélagsins	28
	Skilgreiningar.....	28
	Skammstafanir og hugtök	30
4.	Útgáfulýsing BUS 56 og viðaukar við útgáfulýsingu.....	31
5.	Yfirlit yfir veðsettar fasteignir til tryggingar á fjárfestingum útgefanda	32
6.	Uppfærsla á útgefendalýsingu.....	37
6.1	Uppfærsla á einstökum köflum um útgefanda, rekstrarfélagsins, vörslu aðila og mótaðila	37
6.1.1	Uppfærsla á tveimur málsgreinum í kaflanum 1.6.3 „Áhætta tengd rekstri, fjárhag og fjármögnun lántaka“.....	37
6.1.2	Nýjar málsgreinar og uppfærsla þremur málsgreinum í kafla 2.7 „Helstu fjárfestingar útgefanda“	37
6.1.3	Uppfærsla á málsgrein í kafla 2.7.1 „Yfirstandandi og framtíðarfjárfestingar“	38
6.1.4	Uppfærsla á málsgrein í kafla 2.8 „Fjármögnun og fjármögnunarheimildir útgefanda“	38
6.1.5	Uppfærsla á kafla 2.10 „Fjárhagsstaða, rekstrarafkoma og mat á eignum“	39
6.1.6	Uppfærsla á yfirlýsingu í kafla 2.11 „Dómsmál og gerðardómsmál“	42
6.1.7	Breyting á málsgreinum í kafla 3.3 „Starfsemi“	42
6.1.8	Uppfærsla á málsgrein í kafla 3.4 „Fjárhagur rekstrarfélagsins“	42

6.1.9 Uppfærsla á vefslóð í kafla 3.7.1 „Stjórnarhættir rekstrarfélagsins“	43
6.1.10 Uppfærsla á kafla 3.7.2.1 „Stjórn“	43
6.1.11 Uppfærsla á tveimur undirköflum í kafla 3.7.3 „Nefndir rekstrarfélagsins“	44
6.1.12 Uppfærsla á málsgrein í kafla 4.1 „Almennar upplýsingar um vörsluaðilann“	45
6.1.13 Uppfærsla á málsgreinum í kafla 5.1 „Almennar upplýsingar um mótaðila útgefenda í fjárfestingum“	45
6.1.14 Uppfærsla á kafla 5.1.4 „Kaupskylda Búseta“	46
6.1.15 Breyting á kafla 5.1.5 „Lagalegt umhverfi mótaðila“	46
6.1.16 Breyting á málsgrein og heiti kafla 5.1.5.1 „Takmarkaðar fjármögnunarheimildir húsnæðissamvinnufélaga“	46
6.1.17 Uppfærsla á kafla 5.3 „Fjárhagsupplýsingar mótaðila“	47
6.1.18 Uppfærsla á kafla 5.3.1 „Fjármögnun Búseta“	51
6.1.19 Uppfærsla á kafla 5.4 „Fasteignasafn Búseta“	53
6.1.20 Uppfærsla á kafla 5.4.1 „Framkvæmdir og nýbyggingar“	55
6.1.21 Uppfærsla á kafla 5.4.2 „Viðhald“	56
6.1.22 Uppfærsla á kafla 5.5.1. „Stjórn og stjórnendur“	57
6.1.23 Uppfærsla á kafla 5.5.2 „Endurskoðun Búseta“	58
6.1.24 Uppfærsla á yfirlýsingu í kafla 5.5.3 „Dómsmál og gerðardómsmál“	58
6.1.25 Uppfærsla á kafla 6 „Tilkynning til fjárfesta“	58
6.1.26 Uppfærsla á kafla 6.1 „Gildistími og skjöl til sýnis“	59
6.1.27 Uppfærsla á kafla 6.2 „Skjöl felld inn með tilvísun“	59
6.1.28 Uppfærsla á kafla 6.4 „Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar“	60
6.1.29 Uppfærsla á kafla 6.5 „Hugsanlegir hagsmunaárekstrar“	60
6.1.30 Uppfærsla á kafla 6.7 „Yfirlýsingar“	61
6.1.31 Breyting á lið í kafla 6.9 „Skilgreiningar“	62
6.1.32 Uppfærsla á kafla 10 „Árs og árshlutareikningar Búseta“	63
6.1.33 Uppfærsla á kafla 11 „Samþykktir“	64
6.1.34 Uppfærsla á kafla 12 „Greining og mat á lánshæfi Búseta“	65

1. Áhættuþættir

Landsbréf - BÚS I er fagfjárfestasjóður sbr. 60. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði (hér eftir „Landsbréf – BÚS I“, „útgefandinn“, eða „sjóðurinn“), sem rekinn er af Landsbréfum hf., kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík (hér eftir „Landsbréf“, eða „rekstrarfélagið“). Tilgangur sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins sem aflað er með sölu hlutdeildarskírteina og sölu skuldabréfa með því að fjárfesta í skuldabréfum, og lánssamningum sem húsnæðissamvinnufélagið Búseti hsf., kt. 561184-0709, Síðumúla 10, 108 Reykjavík (hér eftir „Búseti“, Búseti hsf, „lántaki“ eða „mótaðili útgefanda“) er aðili að sem lántaki. Til að fjármagna starfsemi sína gaf Landsbréf - BÚS I út skuldabréfaflokkinn BUS 56, (hér eftir „BUS 56“, „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“), sem seldur var fagfjárfestum.

Fjárfesting í skuldabréfum útgefanda felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Til að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af útgefanda eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel skilmála skuldabréfanna, áhættuþætti sem lýst er hér á eftir, fjárfestingarstefnu og upplýsingar um eignir útgefandans, áður en ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum er tekin.

Áhættuþættirnir, sem lýst er hér á eftir, eru þeir áhættuþættir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda skipta máli varðandi skuldabréfin, svo meta megi áhættuna sem tengist þeim. Þessi kafli ásamt kafla 1 um áhættuþætti í útgefandalýsingu Landsbréfa - BÚS I dagsettri 22. desember 2017, sem uppfærð er í kafla 6 í verðbréfalýsingu þessari, innihalda eftir bestu vitund útgefanda þá áhættuþætti sem máli kunna að skipta við mat á áhættu af fjárfestingu í skuldabréfunum.

Afmörkun á áhættuþáttum getur verið með ýmsu móti og þá má flokka með mismunandi aðferðum. Innbyrðis röð áhættuþátta sem lýst er hér á eftir fer ekki eftir líkum á því að viðkomandi áhættuþáttur hafi áhrif á skuldabréfin. Hér er eftir fremsta megni reynt að kortleggja þekkta áhættuþætti sem áhrif hafa á skuldabréfin og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættuþáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættuþáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættuþáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram. Ekki er því mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættuþátta á skuldabréfin.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréfin í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

1.1 Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Eigendur skuldabréfa geta tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfum í heild eða að hluta.

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldabréfa, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði, skattalöggjöf og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan

áhrifasviðs útgefanda. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa þeim á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldabréfum.

Fjárfesting í skuldabréfum felur einnig í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á því að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili að samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur. Aðrir áhættuþættir tengjast skilmálum og réttindum skuldabréfaútgefanda s.s. vegna vanefndatilvika, veðtrygginga og stöðu skuldabréfafjárfesta gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda.

Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm og sérstaklega ekki skuldabréf útgefin af tilteknum útgefanda. Fjárfestum er því bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar. Fjárfestar eru einnig hvattir til að kynna sér vel starfsemi útgefanda og skilmála skuldabréfanna ásamt eftirfarandi umfjöllun um áhættuþætti sem og umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í 1. kafla útgefandalýsingar Landsbréfa - BÚS I dagsettri 22. desember 2017, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum sem tilheyra skuldabréfaflokknum BUS 56.

1.1.1 Lagaumhverfi útgefanda og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Um skuldabréfin gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 1. mgr. 2 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq verðbréfamiðstöð“) og gilda því einnig um skuldabréfin lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Útgefandi er ekki lögaðili en er rekinn sem fagfjárfestastjóður samkvæmt IV. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. Landsbréf hf. sem er rekstrarfélag útgefanda fer með fyrirsvar fyrir útgefanda. Útgefandi hefur sjálfstæðan fjárhag og ber rekstrarfélagið ekki ábyrgð á skuldbindingum útgefanda sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði.

Verðbréfalýsing þessi, ásamt útgefandalýsingu Landsbréf - BÚS I, dagsettri 22. desember 2017 (saman nefnt „lýsingin“) er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna stækkunar skuldabréfaflokksins BUS 56 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“ eða „kauphöll“). Lýsingin er gerð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og – ráðsins 2003/71/EB (*e. Prospectus Directive*) frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/EB um lýsingar og undirgerðir þeirra sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra þ.e. með reglugerð nr. 837/2013 (með síðari breytingum), um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirði 5.000.000. evra í íslenskum krónum eða meira og töku þeirra verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, og með reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum I, VII, VIII XIII, XV við fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 243/2006.

Frá því að útgefandi óskar eftir því að skuldabréf verði tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og skuldabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerðir settar á grundvelli laganna, reglur Fjármálaeftirlitsins, kt.

541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „FME“) nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik og reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu. Umsókn útgefanda um töku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing staðfest af FME hefur verið birt.

Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og gilda því um útgefandann og skuldabréfin reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga, eins og þær eru á hverjum tíma.

Brot útgefanda á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Nasdaq Iceland og FME geta haft neikvæð áhrif á fjárhag og ímynd útgefanda. Viðurlög við brotum á reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga geta meðal annars falist í áminningu sem Nasdaq Iceland hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á viðskiptum, viðurlögum í formi fávís og/eða að Nasdaq Iceland taki verðbréf útgefanda úr viðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti fer eftir XV. kafla laganna.

Fjárfestar sem fjárfesta í skuldabréfum útgefanda sem hafa verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði falla undir lög og reglur um verðbréfavíðskipti, s.s. reglur um víðskipti innherja.

1.2 Áhætta tengd skuldabréfunum

1.2.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna er sú áhætta sem ekki er hægt að dreifa með dreifðu eignasafni skuldabréfa, þ.e. að verð skuldabréfa sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflast almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra skuldabréfaflokka sveiflist. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna.

1.2.2 Verðtryggingaráhætta

Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við dagsvísitölu vísitölu neysluverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu bréfanna og gildi vísitölunnar á hverjum afborgunar- og vaxtagjaldþega. Breytingar á vísitölunni hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum, enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gildi vísitölunnar áður en vextir eru reiknaðir. Verðbólga hefur því bein jákvæð eða neikvæð áhrif á virði skuldabréfaflokksins.

1.2.3 Vaxtaáhætta

Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa, að öðru óbreyttu, ef vextir hækka og öfugt. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að fjárfestar í skuldabréfum með föstum vöxtum taka áhættu á að gengi skuldabréfsins lækki, ef vextir hækka. Því lengri sem lánstími skuldabréfa er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækku markaðsvaxta, að öðru óbreyttu. Skuldabréfaflokkurinn BUS 56 útgefinn af útgefanda eru jafngreiðslubréf til 40 ára, með 3,55% föstum vöxtum. Fjárfestar sem kaupa skuldabréf með föstum vöxtum standa frammi fyrir þeirri áhættu að vextir skuldabréfanna og fjárhæð þeirra vaxta sem þeir fá greitt sé lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Að öðru óbreyttu þá lækkar oftast markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum, ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri.

1.2.4 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skuldabréfanna felst í því að ekki reynist mögulegt að selja skuldabréfin á þeim tíma og/eða í því magni sem fjárfestar vilja. Verðmyndun á markaði getur verið óskilvirk sem veldur því að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi. Verðmæti skuldabréfanna kann að rýrna ef sölutregða verður á markaði með þau. Fjárfestir kann því að verða fyrir tjóni af því að geta ekki selt skuldaskjölin þegar honum hentar. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta í Kauphöll er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta eða að slíkur markaður myndist í framtíðinni.

Viðskiptavakt með skuldabréf getur aukið líkur á viðskiptum á eftirmarkaði, en getur ekki tryggt skilvirkan eftirmarkað. Útgefandinn ber enga skyldu til að tryggja slíkan skilvirkan eftirmarkað, en útgefandi hefur samið um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréfaflokkinn BUS 56. Samningurinn um viðskiptavakt er ótímabundinn en uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 14 daga fyrirvara. Ekki er því hægt að útiloka að á líftíma skuldabréfaflokksins verði engin viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréfaflokkinn. Sjá nánar kafla 2.11 „Viðskiptavakt“.

1.2.5 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfunum. Standi mótaðilar útgefanda ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á tekjur útgefanda og þar með getu hans til þess að standa skil á greiðslum skv. skuldabréfunum. Til tryggingar endurgreiðslna langtímakrafna útgefanda hefur mótaðili útgefanda veitt útgefanda veð í fasteignum sínum. Ekki er hægt að útiloka að mótaðili útgefanda standi ekki við gerða samninga.

Fjárfestum er bent á að kynna sér vel umfjöllun um skilmála skuldabréfanna sem eru í útgáfulýsingu dagsettri 15. desember 2016 og viðaukum við hana. Útgáfulýsinguna er að finna í kafla 4 „Útgáfulýsing BUS 56 og viðaukar við útgáfulýsingu“ í verðbréfalýsingu þessari. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta, þrátt fyrir þau úrræði sem fjárfestar hafa skv. skilmálum skuldabréfanna. Fjallað er sérstaklega um útgefanda skuldabréfanna og þá áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um hann og mótaðila hans í útgefandalýsingu Landsbréfa - BÚS I, dagsett 22. desember 2017, sem uppfærð er í kafla 6 í verðbréfalýsingu þessari.

1.2.6 Endurgreiðslu- og lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddaga. Útgefandi skuldbindur sig til að greiða skuldabréfin í samræmi við skilmála þeirra með tekjum sínum eða lántöku. Greiðslur vaxta og höfuðstóls af BUS 56 skulu greiðast með 480 jöfnum greiðslum, í fyrsta skipti 5. janúar 2017 en síðari greiðslur 5. hvers mánaðar. Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir út. Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum á gjalddaga. Rekstrarfélag útgefanda er skaðlaus af útgáfu skuldabréfanna, ber ekki ábyrgð á greiðslum vegna skuldabréfanna og er hvorki skuldari né ábyrgðarmaður á skuldabréfunum. Greiðslugeta og lausafjárstaða útgefanda er að öllu leyti háð greiðslugetu Búseta hsf., sem er mótaðili útgefanda í fjármálagerningum.

Útgefandi fjármagnar skuldbindingar sínar með tekjum af eignum sínum sem geta verið fjárfestingar í skuldabréfum lánssamningum þar sem Búseti er lántaki og peningamarkaðsgerningum, reiðufé, innlán eða hlutdeildarskírteini sjóða sem að meirihluta fjárfesta í slíkum eignum. Ef tekjur af eignum útgefanda verða minni eða þær tapast að hluta eða að öllu leyti hefur það neikvæð áhrif á getu hans til að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum. Áhætta fjárfesta vegna lausafjávanda útgefanda endurspeglast

í getu útgefanda til að standa skil á skuldbindingum sínum vegna skuldabréfanna. Ef útgefandi vill breyta skilmálum skuldabréfaflokksins þarf hann að boða til fundar skuldabréfaeigenda og fá samþykki 90% eigenda útgefinna skuldabréfa, miðað við fjárhæð.

1.2.7 Vanskilaáhætta

Vanskilaáhætta felur í sér þá áhættu að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandi sig til að greiða skuldabréfin á gjalddaga og ber einn ábyrgð á þeirri skuldbindingu með eignum sem tilheyra honum hverju sinni eins og fram kemur í grein 2.2. í verðbréfalýsingu þessari.

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttavexti, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð, í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

1.2.8 Áhætta við slitaferli

Ef sú staða kemur upp að útgefandi hefur ekki innt af hendi greiðslu 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur vegna vanskila má jafnframt gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1.gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Í samræmi við skilmála skuldabréfaflokksins er skuldabréfaeigendum einnig heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef eitt af eftirfarandi tilfella mun eiga sér stað: a) brotið er gegn ákvæði um að kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokknum skulu ávallt vera jafnrétt háar (*e. pari passu*) innbyrðis og einhverjum skuldabréfaeigenda veitt sérstök trygging, eða greiðsla umfram aðra skuldabréfaeigendur, b) útgefandi gerir óheimila breytingu á skuldaskjölum Búseta hsf., sem felur í sér eftirgjöf skuldar, breytingar á vaxtakjörum og/eða gefur eftir tryggingar án þess að jafn góðar komi í staðinn, nema með samþykki 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð, c) útgefandi brýtur samþykktar reglur sínar eða gerir breytingar á reglum sínum með óheimilum hætti.

Skuldabréfaflokkurinn fellur í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust, ef fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram krafa um gjaldþrotaskipti útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna fela skuldabréfin ekki í sér bein veð en allar eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu þessa skuldabréfs. Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt BUS 56 eru jafn rétt háar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnrétt háum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. Komi sú staða kemur upp að útgefandi getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þá falla skuldabréfin þar með í gjalddaga, enda hafi a.m.k. 10% skuldabréfaeigenda, m.v. fjárhæð, samþykkt slíka gjaldfellingu, og verður eignum sjóðsins ráðstafað til uppgjörs á skuldum sjóðsins við lánardrottina í samræmi við reglur sjóðsins.

Þessi skuldbinding er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en greint er frá í útgáfulýsingu skuldabréfanna. Helstu eignir útgefanda eru skuldaskjöl þar sem Búseti er lántaki. Að baki lánssamningum Búseta sem útgefandi hefur fjárfest í eru tryggingabréf með veð í fasteignum Búseta. Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.7 „Upplýsingar um útgefandann- Helstu fjárfestingar útgefanda“, í útgefendalýsingu, dagsett 22. desember 2017 sem uppfærð er í kafla 6.0 í verðbréfalýsingu þessari. Skuldabréfaeigendur BUS 56 geta ekki gengið beint að slíkum tryggingum, heldur verður að beina kröfum að útgefanda og ná fram fullnustu gagnvart útgefanda sjálfum en ekki beint gagnvart Búseta. Komi upp sú staða að greiðsludráttur verði af hálfu Búseta

eða gjaldfellingarheimild verður virk, skv. skuldaskjölum sem útgefandinn hefur fjárfest í, þá mun útgefandi grípa til fullnustuaðgerða gagnvart Búseta í samræmi við heimildir viðkomandi fjármálagernings. Komi til þess að útgefandi þurfi að ganga að þeim tryggingum sem standa til fullnustu skuldaskjals eða lánessamnings sem hann hefur fjárfest í og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útistandandi kröfur, ber útgefanda að greiða slíkt til skuldabréfaeigenda í hlutfalli við eign þeirra í skuldabréfaflokknum.

Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins eru háðar því skilyrði að a.m.k. 10% skuldabréfaeigenda m.v. fjárhæð samþykki slíkt á fundi sem útgefandi boðar til að beiðni einstakra skuldabréfaeigenda. Eigin bréf veita útgefanda ekki atkvæðisrétt og skulu þeir hlutir ekki taldir með þegar krafist er samþykkis skuldabréfaeigenda.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fynast kröfur vegna greiðslna á höfuðstóli verðbréfa á tíu árum frá gjalddaga.

1.2.9 Útlánaáhætta

Eignum útgefanda er ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna. Við dagsetningu þessarar lýsingar eru eignir útgefanda lánessamningar við Búseta, tryggðir með veði í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Endurgreiðsla skuldabréfanna er því háð því að mótaðili standi við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda. Samkvæmt 8. grein í reglum útgefanda hefur útgefandi heimild til að fjármagna starfsemi sína með útgáfu hlutdeildarskirteina, sölu skuldabréfa og með lántöku.

1.2.10 Umfram- og uppgreiðsluáhætta

Skuldabréf kann að innihalda ákvæði sem heimilar útgefanda þess, við tilteknaðar aðstæður, að endurgreiða fjárfestum skuldabréfanna fjárhæð þess að fullu eða hluta. Því kann raunveruleg ávöxtun skuldabréfanna að vera óhagstæðari fjárfestum en vænt ávöxtun. Skuldabréfið er með uppgreiðslu- og umframgreiðsluheimild og verða því fjárfestar að gera ráð fyrir því að greiðsluflæði þeirra af skuldabréfinu geti verið óreglulegt og að skuldabréfin kunni að verða greidd upp að fullu áður en kemur að lokagjalddaga. Hætta er á að fjárfestar geti ekki endurfjárfest uppgreiðslufjárhæðinni á sömu kjörum á markaðinum. Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins kemur fram að ef Búseti nýtir sér uppgreiðsluheimild í lánessamningnum skal útgefandi greiða upp skuldabréfaflokkinn eins fljótt og verða má og skal uppgreiðslugjaldið vera jafnhátt uppgreiðslugjaldinu sem útgefandi tekur við frá lántaka sínum.

1.2.11 Uppgjörsáhætta

Í tengslum við möguleg viðskipti með skuldaskjölin er sú áhætta til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki greiðslu eða skuldaskjöl á réttum tíma.

1.2.12 Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfanna eru háðar samþykki aukins meirihluta eigenda skuldabréfanna miðað við fjárhæð (90%). Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum er heimilt að breyta. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hættu fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að 10% eigenda skuldabréfanna, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig.

1.2.13 Lagaleg áhætta og ágreiningsmál

Um skuldabréfin gilda íslensk lög sem í gildi voru þegar verðbréfalýsing þessi var birt. Lög, reglugerðir og reglur sem gilda um skuldabréfin og starfsemi útgefanda geta tekið breytingum á líftíma skuldabréfanna

og geta haft áhrif á útgefanda og fjárfesta. Útgefandi getur ekki eðli málsins samkvæmt ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvarðana.

Útgefandi er fagfjárfestasjóður í rekstri rekstrarfélags verðbréfasjóða, í samræmi við 60 gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Skv. 63. gr. fyrrgreindra laga hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi fagfjárfestasjóða í samræmi við lögin og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Fjárfestingar sem útgefandi er aðili að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefandann.

Útgefanda er ekki kunnugt um að nein stjórnslumál, dóms- eða gerðardómsmál, sem beint er gegn útgefanda séu í gangi, séu yfirvofandi eða hafa verið í gangi síðastliðna 12 mánuði sem kunna að hafa eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda.

2. Skuldabréfin

2.1 Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna

Útgefandi var stofnaður sérstaklega í þeim tilgangi að ávaxta þá fjármuni sjóðsins sem aflað er með sölu hlutdeildarskírteina og sölu skuldabréfa, með því að fjárfesta í skuldabréfum og láncsamningum sem Búseti er aðili að sem lántaki. Nánari umfjöllun um Búseta er að finna í kafla 5 „*Upplýsingar um mótaðila útgefenda í fjárfestingum*“ í útgefendalýsingu útgefanda dagsettri, 22. desember 2017 sem uppfærð er í kafla 6 í verðbréfalýsingu þessari.

Til að fjármagna starfsemina gaf útgefandi út skuldabréf í flokknum BUS 56. Fyrsta útgáfa skuldabréfanna nam kr. 3.200.000.000,- og var útgáfudagur 5. desember 2016. Heildarheimild flokksins er kr. 18.000.000.000,-. Skuldabréfin voru skráð í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar þann 20. desember 2016 og eru nafnverðseiningarnar kr. 20.000.000,-. Skuldabréfin að fjárhæð kr. 3.140.000.000,- voru seld til fjárfesta í desember 2016. Útgáfa skuldabréfanna var einungis boðin útvöldum íslenskum fagfjárfestum til kaups, í samræmi við 9. tl. 2 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og var hún ekki sölutryggð. Engin opinber tilkynning var birt um útboðið, sem taldist ekki almennt útboð í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Í nóvember 2017 var skuldabréfaflokkurinn BUS 56 stækkaður um kr. 2.340.000.000,- og var nýtt útgefið kr. 2.280.000.000,- að nafnverði. Skuldabréfin voru seld til fjárfesta. Heildarstærð skuldabréfaflokksins við dagsetningu lýsingarinnar dagsettri 22. desember 2017 var því kr. 5.480.000.000,-. Útgáfudagur stækkunarinnar var 14. nóvember 2017. Skuldabréfin voru seld með áföllum verðbótum m.v. grunnvísitöluna 438,49 og áföllnum vöxtum. Gengi með áföllnum vöxtum og verðbótum var 1,0062 á upphaflegan höfuðstól. Eftirstöðvar höfuðstóls voru seldar á pari eða á genginu 1,00. Ávöxtunarkrafa kaupenda var 3,608%. Enginn viðbótarkostnaður féll á kaupendur skuldabréfa á útgáfudegi fyrir tilstuðlan útgefanda eða seljanda.

Sölufyrirkomulagið í nóvember 2017 var eins og í fyrstu útgáfu. Útboðið taldist ekki almennt útboð í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Söluandvirði skuldabréfanna í nóvember 2017 nam kr. 2.354.452.098,- og rann sú fjárhæð óskipt til útgefanda. Landsbréf hf. bera allan kostnað við útgáfu, sölu og fyrirhugaða töku skuldabréfanna til víðskipta í Kauphöllinni.

Andvirði skuldabréfanna var nýtt til að kaupa kröfur af Landsbankanum, þar sem kröfur Landsbankans á hendur Búseta, sem lántaka voru framseldar til útgefanda. Með þessu tók útgefandi við réttindum og skyldum Landsbankans, sem kröfuhafa, samkvæmt láncsamningum við Búseta. Sjá nánar kafla 2.11 „*Undirliggjandi eign*“.

Þann 7. september 2018 stækkaði útgefandinn skuldabréfaflokkinn um kr. 2.620.000.000,- eða um 131 nafnverðseiningar. Miðað við dagsetningu þessarar lýsingar er því stærð skuldabréfaflokksins eftir stækkun kr. 8.100.000.000 að nafnvirði. Útboðið taldist ekki almennt útboð í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og var útgáfa skuldabréfanna einungis boðin útvöldum fagfjárfestum til kaups, í samræmi við 9. tl. 2 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Verð með áföllnum vöxtum og verðbótum er kr. 2.687.694.691,-. Andvirði skuldabréfanna var nýtt til langtímafjármögnun nýrra íbúða Búseta og endurfjármögnunar tveggja íbúða Búseta.

2.2 Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin

Auðkenni:	BUS 56
Útgefandi:	Landsbréf- BÚS I
Ábyrgð á greiðslu útgáfu:	Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs. Útgefandi ber einn ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfi þessu.
ISIN nr.	IS0000028173
Skráning í kauphöll:	Já, skuldabréfin verða skráð.
Tegund skuldabréfs:	Jafngreiðslubréf (annuitet)
Heildarheimild útgáfu:	18.000.000.000 kr.
Fjárhæð útgefið nú:	2.620.000.000 kr.
Áður útgefið	5.480.000.000 kr.
Fjárhæð útgefin samtals:	8.100.000.000 kr.
Útgáfudagur:	5. desember 2016
Lokagjalddagi:	5. desember 2056
Greiðsla vaxta og höfuðstóls:	Höfuðstóll og vextir greiðast með 480 jöfnum greiðslum. Fyrsta greiðsla fór fram 5. janúar 2017, en síðari greiðslur 5. hvers mánaðar. Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir út. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í útgáfu þessari er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
Vextir:	3,55% (fastir, flatir vextir, dagaregla 30/360)
Verðtrygging:	Skuldabréfið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu sem er dagvísitala útgáfudags, 438,49.
Dagaregla:	30/360
Fyrsti vaxtadagur:	5. desember 2016
Fyrsti gjalddagi vaxta:	5. janúar 2017
Nafnverðseiningar:	20.000.000 kr.
Gjaldmiðill:	ISK

Útreikningsaðili

Landsbréf hf.

Uppgreiðsluheimild/Uppgreiðsluskylda:

Þann 5. desember 2025 og árlega þaðan í frá er lántaka heimilt að greiða lánið upp að fullu eða að hluta. Nýti lántaki uppgreiðsluheimild þessa skal hann greiða uppgreiðslugjald sem nemur 1,5% af fyrirframgreiddri fjárhæð. Uppgreiðslugjaldið skal þó lækka um 0,25%-stig á ári þannig að við uppgreiðslu 5. desember 2031 skal uppgreiðslugjaldið hafa fallið niður.

Ef skuldaskjal eða lánssamningur sem útgefandi hefur fjárfest í er greitt upp skal útgefandi greiða upp skuldabréfaflokkinn eins fljótt og verða má enda sé uppgreiðsluheimild fyrir hendi. Útgefandi greiðir skuldabréfaeigendum jafn hátt uppgreiðslugjald og hann tekur við frá lántaka sínum.

Heimild:

Samkvæmt staðfestum reglum sjóðsins.

Stimpilgjald:

Nei

Skuldabréfaeigendur:

Allir þeir sem eiga kröfur á útgefanda á grundvelli skuldabréfa í skuldabréfaflokknum og geta framvísað staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun með sannanlegum hætti.

Ágreiningsmál:

Mál út af skuldabréfi þessu má rekja fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

2.2.1 Tryggingar og helstu eiginleikar eigna útgefanda

Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð en allar eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu þessa skuldabréfs. Helstu eignir útgefanda samkvæmt reglum hans eru eftirfarandi:

- a.) 0%-100%: Skuldabréf útgefin af Búseta hsf. tryggð með veði í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.
- b.) 0%-100%: Lánssamningar gerðir við Búseta hsf. tryggðir með veði í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.
- c.) 0%-100%: Peningamarkaðsgerningar, reiðufé, innlán eða hlutdeildarskírteini sjóða sem að meirihluta fjárfesta í slíkum eignum.

Ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn fjárfesti svo nokkru nemi samkvæmt c-lið, nema í undantekningartilvikum og þá til sex vikna mest.

Til tryggingar við lánveitingu lánssamnings sem dagsettur er 22. desember 2016, hefur útgefandi tekið 1. veðrétt í eftirfarandi 88 íbúðareignum Búseta:

Veðandlag

Fasteignar-/skráningarnúmer

Þverholt 23, Reykjavík

201-1352, 235-2448, 235-2449, 235-2450, 235-2452, 235-2453, 235-2454, 235-2455, 235-2456, 235-2457, 235-2458, 235-2459, 235-2460, 235-2461, 235-2462, 235-2463, 235-2464, 235-2465

	235-2466, 235-2467, 235-2468
Einholti 10, Reykjavík	235-2760, 235-2761, 235-2762, 235-2763, 235-2764, 235-2765, 235-2766, 235-2767, 235-2768, 235-2769, 235-2770, 235-2772, 235-2773, 235-2774, 235-2775, 235-2776, 235-2777, 235-2778, 235-2779, 235-2780, 235-2781
Einholti 12, Reykjavík	235-2483, 235-2484, 235-2485, 235-2486, 235-2487, 235-2489, 235-2490, 235-2491, 235-2492, 235-2493, 235-2494, 235-2495, 235-2496, 235-2497, 235-2498
Laugarnesvegur 56, Reykjavík	235-5850, 201-6915, 235-5851, 235-5852
Ísleifsgata 20, Reykjavík	232-8801
Ísleifsgata 22, Reykjavík	235-6670
Ísleifsgata 24, Reykjavík	235-6672
Ísleifsgata 26, Reykjavík	235-6674
Ísleifsgata 28, Reykjavík	232-8802
Ísleifsgata 30, Reykjavík	235-5726
Ísleifsgata 32, Reykjavík	235-5727
Ísleifsgata 34, Reykjavík	235-5728
Ísleifsgata 36, Reykjavík	235-5729
Austurkór 88, Kópavogi	232-5995, 232-5996, 232-5997, 232-5998, 232-5999, 232-6000
Austurkór 90, Kópavogi	232-6001, 232-6002, 232-6003, 232-6004, 232-6005, 232-6006
Austurkór 92, Kópavogi	232-6007, 232-6008, 232-6009, 232-6010, 232-6011, 232-6012

Til tryggingar við lánveitingu lánssamnings sem dagsettur er 14. nóvember 2017, hefur útgefandi tekið 1. veðrétt í eftirfarandi 55 íbúðareignum Búseta:

Veðandlag	Fasteignar-/skráningarnúmer
Einholt 8	235-3797, 235-3798, 235-3799, 235-3801, 235-3802, 235-3803, 235-3804, 235-3806, 235-3807, 235-3808, 235-3809, 235-3810, 235-3811, 235-3812, 235-3813, 235-3814, 235-3815, 235-3816
Þverholt 19	235-3756, 235-3757, 235-3758, 235-3759, 235-3760, 235-3761, 235-3762, 235-3763, 235-3764, 235-3765, 235-3766, 235-3767, 235-3768
Þverholt 21	235-3772, 235-3773, 235-3774, 235-3775, 235-3776, 235-3778, 235-3779, 235-3780, 235-3781, 235-3782, 235-3783, 235-3784, 235-3785, 235-3786, 235-3787, 235-3788, 235-3789, 235-3790, 235-3791, 235-3792, 235-3793, 235-3794, 235-3795, 235-3796

Til tryggingar við lánveitingu lánssamnings, sem dagsettur er 1. október 2018, hefur útgefandi tekið 1. veðrétt í eftirfarandi íbúðareignum Búseta:

Veðandlag	Fasteignar-/skráningarnúmer
Þverholt 15	235-6525
Þverholt 17	235-6551, 235-6554, 235-6555, 235-6556, 235-6557, 235-6558, 235-6559, 235-6560, 235-6561, 235-6563, 235-6564, 235-6565, 235-6566, 235-6567, 235-6568, 235-6569, 235-6570, 235-6571, 235-6572, 235-6573, 235-6574, 235-6575, 235-6576, 235-6577, 235-6578, 235-6579, 235-6580
Einholt 6	235-6583, 235-6584, 235-6585, 235-6594, 235-6595, 235-6596, 235-6597, 235-6598, 235-6599, 235-6600, 235-6601, 235-6602, 235-6603, 235-6604, 235-6605, 235-6606, 235-6607, 235-6608, 235-6609, 235-6610
Laugavegur 135	200-9742, 200-9743

Lántaki þ.e.a.s. Búseti hsf. skal takast á hendur eftirtaldar skyldur á lánstíma:

1. *Tilgangur, breytingar á starfsemi, samruni eða skipting:* Lántaki skuldbindur sig til að hlutast ekki til um uppskiptingu á lántaka í tvö eða fleiri félög, sameina lántaka ekki öðru félagi, kaupa annað félag eða breyta tilgangi án samþykkis lánveitanda.
2. *Upplýsingagjöf:* Lántaki skal senda lánveitanda eftirfarandi á hverju ári:
 - a. Endurskoðaðan ársreikning lántaka fyrir síðasta rekstrarár fyrir lok maí áritaðan af löggiltum endurskoðanda.
 - b. Hálfársuppgjör fyrir 1. nóvember kannað af löggiltum endurskoðanda.
 - c. Upplýsingar um vanskil búsetugjalds, sé um slíkt að ræða.
 - d. Stöðu lögveðskrafna í fasteignum lántaka.

Lántaki skuldbindur sig jafnframt til að afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, allar frekari upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka.

3. *Fjárhagsleg skilyrði:* Lántaki gengst undir eftirfarandi fjárhagslegar kvaðir uns skuld samkvæmt lánssamningi dagsettur 22. desember 2016, lánssamningi dagsettur 14. nóvember 2017 og lánssamningi dagsettur 1. október 2018 er að fullu greidd:
 - a. Eiginfjárlutfall (eigið fé deilt með heildareignum) skal ekki vera lægra en 10% samkvæmt endurskoðuðu ársuppgjöri eða könnuðu hálfársuppgjöri lántaka á líftíma.
 - b. Sjóðsstreymi síðastliðna 12 mánuði, samkvæmt endurskoðuð ársuppgjöri eða könnuðu hálfársuppgjöri lántaka (skilgreint sem EBITDA + breyting á hreinum veltufjármunum-greiddir skattar) skal vera að lágmarki sama fjárhæð og samanlagðir greiddir vextir og samningsbundnar afborganir langtímaskulda.
 - c. Ofangreindar kvaðir samkvæmt a og b., skulu prófaðar og reiknaðar á kostnað lántaka tvisvar á ári samhliða því að uppgjör eru send til lánveitanda samanber kvöð um upplýsingagjöf hér að ofan. Prófun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda lántaka.
 - d. Lántaka skulu veittir 180 dagar til að bæta úr ef ofangreind skilyrði eru ekki uppfyllt. Niðurstaða eftir úrbætur skal staðfest með sama hætti og kveðið er á um í c.lið.

Við eftirtalin skilyrði er lánveitanda þ.e. Landbréf BÚS-I heimilt að fella lán samkvæmt lánssamningnum dagsettum 22. desember 2016, lánssamningnum dagsettum 14. nóvember 2017 og lánssamningnum dagsettum 1. október 2018 í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar:

- a) Ef brotið er gegn einhverju ákvæði um sérstakar skyldur (Fjárhagsleg skilyrði, skyldur um upplýsingagjöf, eða skuldbindingar varðandi tilgang félags, starfsemi, samruna eða skiptingu) sem lagðar eru á lántaka.
- b) Ef vanskil verða á greiðslu afborgana, vaxta og/eða verðbóta og lántaki bætir ekki úr vanskilunum innan 20 daga.
- c) Ef samþykkt verður að slíta lántaka komi fram beiðni um fjárnám, beiðni um kyrrsetningu á eignum lántaka, eignir hans auglýstar á nauðungaruppboði, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans, lántaki óski eftir greiðslustöðvun eða lántaki leiti hvers konar nauðasamninga.
- d) Ef skuld eða skuldbinding lántaka óviðkomandi samningi þessum, sem nemur hærri fjárhæð en kr. 40.000.000 er vanefnd, nema slík vanefnd stafi af réttlætanlegum mótmælum lántaka og eðlilegum vörnum sé haldið upp gegn þeim (*e. Cross Default*).
- e) Ef brotið er gegn ákvæði veð- eða tryggingarskjals þar sem eign eða eignir eru settar að veði til tryggingar skuldum lántaka við lánveitanda.
- f) Ef lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, eða ef lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða ef fjárhagsstaða lántaka breytist að öðru leyti þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánsamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- g) Verði eigendaskipti að lántaka til dæmis vegna sölu, sameiningar eða samruna við önnur félög eða verði félaginu skipt upp í tvö eða fleiri félög eða það yfirtekið.

2.2.2 Gjaldfelling vegna vanskila

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS-reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda og til Nasdaq Iceland.

Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1.mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta dráttavaxta, auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr.laga nr. 90/1989.

Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði, eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa fellur skuldabréfið í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust.

2.2.3 Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar

Kröfur skuldabréfaeigenda eru ávallt jafnréttáar (*e. Pari Passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Útgefanda er óheimilt að gera skilmálabreytingar á skuldaskjali útgefna af Búseta hsf. eða lánsamningi við Búseta hsf., sem fela í sér eftirgjöf skuldar, breytingar á vaxtakjörum og/eða gefa eftir tryggingar án þess að jafn góðar komi í staðinn, nema með samþykki 90% eigenda útgefinna skuldabréfa flokksins m.v. fjárhæð.

Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef eitthvað eitt eftirfarandi tilfella mun eiga sér stað:

- a. Afborgunargreiðsla hefur ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga.
- b. Brotið er gegn ákvæði 1. mgr. (e. *Pari Passu*) í kafla þessum og einhverjum skuldabréfaeigenda veitt sérstök trygging eða greiðsla umfram aðra skuldabréfaeigendur.
- c. Útgefandi gerir breytingu á skuldaskjöllum við Búseta hsf. eða veðtryggingum að baki skuldaskjöllum, þannig að brotið sé gegn 2. mgr. ákvæðis þessa (*annarri málsgrein í kafla þessum*).
- d. Skuldabréfaflokkurinn er ekki skráður á Nasdaq Iceland innan fimmtán mánaða frá útgáfudegi, í samræmi við viðauka við útgáfulýsingu útgefanda sem dagsettur er 24. nóvember 2017.
- e. Útgefandi brýtur samþykktar reglur sínar eða gerir breytingar á reglum sínum með óheimilum hætti.

Gjaldfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokknum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.

Komi til þess að útgefandi þarf að fullnusta þær tryggingar sem standa á bak við skuldaskjöl eða lánsamninga gagnvart Búseta hsf. og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útstandandi kröfur, ber útgefanda að greiða slíkt til kröfuhafa í hlutfalli við eign þeirra í skuldabréfaflokknum.

2.2.4 Samþykki fyrir gjaldfellingu

Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins sem taldar eru upp í kafla 2.2.2 „*Gjaldfelling vegna vanskila*“ og kafla 2.2.3 „*Sérstök skilyrði og heimildir til gjaldfellingar*“ eru háðar því skilyrði að a.m.k. 10% skuldabréfaeigenda m.v. fjárhæð samþykki slíkt á fundi sem útgefandi boðar til að beiðni einstakra skuldabréfaeigenda. Eigin bréf útgefanda veita útgefanda ekki atkvæðisrétt og skulu þeir hlutir ekki taldir með þegar krafist er samþykkis skuldabréfaeigenda. Útgefandi annast fundarboðun og skal boða til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Útgefandi hefur rétt til að taka til máls á fundi. Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður skulu birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal afboða fundinn.

2.2.5 Forgangsöröðun skuldabréfanna

Kröfur skuldabréfaeigenda eru ávallt jafnréttáar (e. *pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda.

Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna. Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð en allar eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu skuldabréfaflokksins BUS 56 og er útgefanda óheimilt að veðsetja þær.

Samkvæmt 8. grein reglna sjóðsins eiga eigendur skuldabréfaflokksins BUS 56 forgang á eignir sjóðsins eftir að sjóðurinn hefur greitt opinber gjöld og rekstrarkostnað sjóðsins þar með talin greiðsla umsýsluþóknunar til rekstrarfélag sjóðsins.

2.2.6 Skilmálabreyting

Samþykki 90% eigenda skuldabréfaflokksins þarf til að samþykkja skilmálabreytingu. Miða skal við fjárhæð. Rekstrarfélag útgefanda skal annast fundarboðun skuldabréfaeigenda og leggja fram tillögu um skilmálabreytingu.

Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks. Komi til þess að skilmálabreyting sé samþykkt, þá er slík samþykkt send Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., sem birtir hana á vef sínum, sem viðauka við fyrirbyggjandi útgáfulýsingu skuldabréfaflokksins.

2.2.7 Breyting á reglum útgefanda

Reglum útgefanda verður ekki breytt nema að fengnu samþykki 90% eigenda skuldabréfa miðað við fjárhæð.

2.2.8 Rafræn skráning og framsal

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð. Skilmálar skuldabréfanna eru samkvæmt kafla 2.2 í útgáfulýsingu dagsettri 15. desember 2016, og viðauka við útgáfulýsingu sem dagsettir eru 15. september 2017, 24. nóvember 2017, 25. maí 2018 og 4. október 2018, vegna útgáfu skuldabréfanna í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa samkvæmt útgáfu þessari. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra fram að skráningu skuldabréfanna á Nasdaq Iceland, skal útgefanda heimilt að afla upplýsinga hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð um skráða skuldabréfaeigendur á hverjum tíma. Heimild þessi fellur niður við skráningu skuldabréfaflokksins í Nasdaq verðbréfamiðstöð, eða öðrum skipulegum verðbréfamarkaði.

Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á skuldabréfunum. Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila.

2.2.9 Afskráning

Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjaldþaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

2.2.10 Réttindi og skyldur

Engin sérstök réttindi eða hlunnindi, umfram þau sem getið er um í þessari verðbréfalýsingu, fylgja kaupum og eignarhaldi á þessum skuldabréfum.

2.3 Rekstrarfélag útgefanda

Landsbréf hf. eru rekstrarfélag útgefanda. Landsbréf hafa sem rekstrarfélag verðbréfasjóða starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Landsbréf bera ábyrgð á daglegum rekstri útgefanda og koma fram fyrir hönd hans. Einnig er rekstrarfélaginu heimilt að samþykkja fyrir hönd útgefanda alla samninga og skjöl sem útgefandi er aðili að enda sé slíkt í samræmi við reglur sjóðsins. Það er einnig hlutverk Landsbréfa að koma fram fyrir hönd útgefanda og gæta þannig hagsmuna skuldabréfaeigenda. Landsbréf annast alla umsýslu tengda fjárfestingum útgefanda þ.m.t. eftirlit með vanefndarákvæðum og meðferð vanefndartilvika.

2.4 Heimild til skuldabréfaútgáfu

Útgáfa skuldabréfanna byggir á heimild skv. 8. grein í reglum sjóðsins, sem finna má í 8. kafla í útgefandalýsingu Landsbréfa - BÚS I dagsettri 22. desember 2017, sem uppfærð er í kafla 6 „Uppfærsla á útgefandalýsingu“ í verðbréfalýsingu þessari, en reglurnar voru settar af stjórn Landsbréfa hf., þann 24. nóvember 2016 og uppfærðar þann 15. desember 2016.

2.5 Lög sem gilda um skuldabréfin

Um skuldabréfin gilda íslensk lög, þar á meðal lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf, auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast á 10 árum frá gjalddaga í samræmi við 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, nema kröfur um vexti og verðbætur sem fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við 3. gr. sömu laga.

Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og því gilda um skuldabréfin og viðskipti með þau lög nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti.

Rísi ágreiningsmál út af skuldabréfunum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

2.6 Skattamál

Skráð skrifstofa útgefanda er á Íslandi og þar er einnig óskað eftir töku skuldabréfanna til viðskipta. Fer um skattalega meðferð skuldabréfanna samkvæmt íslenskri skattalöggjöf á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar er nú 22%. Reikningsstofnanir sem varsla skuldabréfin fyrir skuldabréfaeigendur annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.

Mælt er með því að fjárfestar kynni sér íslenska og eftir atvikum erlenda skattalöggjöf og athugi að breytingar kunna að verða á lögum. Fjárfestum er ráðlagt að leita ráðgjafar frá þriðja aðila varðandi skattalegar afleiðingar þess að fjárfesta í skuldabréfum.

Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld, sbr. ákvæði laga nr. 138/2013.

2.7 Tilgangur útgáfu skuldabréfanna

Tilgangur útgáfu skuldabréfanna er að fjármagna starfsemi útgefanda. Andvirði skuldabréfaútgáfunnar er nýtt til þess að fjármagna fjárfestingu í skuldabréfum og lánssamningum sem Búseti hsf. er aðili að sem lántaki.

2.8 Ábyrgð á greiðslu útgáfu

Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs, en um er að ræða fagfjárfestastjóð, rekinn af rekstrarfélaginu Landsbréf hf. Útgefandi ber ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, eingöngu með eignum sem honum tilheyra. Landsbréf hf. bera ekki ábyrgð á skuldbindingum útgefanda og bera því hvorki ábyrgð á greiðslu afborgana höfuðstóls, vaxta verðbóta, innheimtukostnaðar né sérhverjum öðrum greiðslum vegna þessa skuldabréfs, hvorki að hluta né í heild sinni.

Landsbréf munu fyrir hönd útgefanda með milligöngu verðbréfamiðstöðvar greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Landsbréf annast endanlegar greiðslur inn á VS reikninga f.h. útgefanda. Landsbréf annast fyrir hönd útgefandans útreikning á greiðslum. Landsbréf annaðist sölu skuldabréfanna.

2.9 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar frá Búseta eru fengnar frá félaginu sjálfu og úr opinberum gögnum. Upplýsingar um Landsbréf hf. eru fengnar frá rekstrarfélaginu sjálfu og vefsíðu þess. Upplýsingar um vísitölu neysluverðs eru opinber gögn og fengnar af vef Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofan.is>. Upplýsingar um fasteignamat og brunabótamat eru opinber gögn og fengnar frá Þjóðskrá Íslands; www.skra.is.

Útgefandinn staðfestir, að því marki sem honum er unnt og kunnugt um að þær upplýsingar sem stuðst er við frá þriðja aðila eru réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.

2.10 Taka skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Sótt hefur verið um töku stækkunarinnar til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi íslenskra laga.

Fyrsti viðskiptadagur með stækkun skuldabréfaflokksins á Nasdaq Iceland verður tilkynntur af Nasdaq Iceland með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Við það að verðbréf útgefanda eru tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum þar um og einnig skv. reglum Nasdaq Iceland, sem eru í gildi á hverjum tíma.

2.10.1 Kostnaður vegna töku til viðskipta

Útgefandinn ber ekki sjálfur beinan kostnað vegna útgáfu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta í Kauphöllinni. Landsbréf hf. ber allan kostnað sem hlýst af því að fá stækkunina tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Heildarkostnaður vegna töku skuldabréfanna til viðskipta er áætlaður um 1,12 m.kr. Um er að ræða kostnað vegna gerðar lýsingar, kostnað við yfirferð og staðfestingu FME á lýsingu, kostnað við stækkun skuldabréfaflokksins til viðskipta samkvæmt gjaldskrá Nasdaq Iceland, kostnað Nasdaq verðbréfamiðstöðvar samkvæmt gjaldskrá og aðrir smávægilegir kostnaðarliðir sem falla til við undirbúning töku skuldabréfanna til viðskipta.

2.10.2 Tilgangur með töku skuldabréfanna til viðskipta

Tilgangur með því að hafa skuldabréfin skráð á skipulegum verðbréfamarkaði er að auka markaðshæfi skuldabréfanna og tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda

séu í samræmi við reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af Nasdaq Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma. Núgildandi reglur kveða m.a. á um að útgefandi skuldabréfa, sem tekin hafa til viðskipta, skuli kappkosta að birta opinberlega án tafar, eða eins fljótt og auðið er, allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð skuldabréfanna.

2.11 Viðskiptavakt

Samkvæmt samningi sem gerður var á milli Landsbankans og Landsbréfa hf., fyrir hönd Landsbréfa BÚS I, mun Landsbankinn gegna hlutverki viðskiptavaka með skuldabréfaflokkinn BUS 56. Sem viðskiptavaki skuldbindur Landsbankinn sig til að setja fram dag hvern í eigin reikning, kaup- og sölutilboð í skuldabréfaflokkinn að lágmarki kr. 20.000.000,- að nafnvirði. Tilboð verða lögð fram fyrir opnun markaðar og endurnýjuð eins fljótt og unnt er, þó ávallt innan 15 mínútna eftir að þeim er tekið að fullu. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða ákvarðast af verði gildra tilboða og má að hámarki vera 1,50%. Eigi viðskiptavaki viðskipti með skuldabréfaflokkinn á einum degi fyrir kr. 60.000.000,- að nafnvirði eða meira í sjálfvirkri pörun (viðskipti tilgreind „Auto“) er honum heimilt að hætta framsetningu tilboða þann viðskiptadag. Fyrir viðskiptavakt mun útgefandi greiða að hámarki kr. 4.500.000,- á ársgrundvelli. Samningurinn um viðskiptavakt er ótímabundinn en uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 14 daga fyrirvara.

2.12 Undirliggjandi eign

Við dagsetningu þessarar lýsingar eru eignir útgefanda verðbréf með föstum tekjum. Um er að ræða fjárfestingar í lánsamningum við Búseta, dagsettum 22. desember 2016, dagsettum 14. nóvember 2017 og dagsettum 1. október 2018. Lánssamningarnir nema um 99,99% af mótaðilaáhættu útgefanda við dagsetningu þessarar lýsingar.

Upphafleg fjárhæð lánsamningsins dagsettum 22. desember 2016, nam 3,14 mö.kr. Til tryggingar lánsamningnum, hefur Búseti gefið út tryggingabréf að fjárhæð 4,0 ma.kr., með veðum í 88 fasteignum, samtals 9.811 fermetra. Um er að ræða veð í búsetuíbúðum, samkvæmt skilningi laga nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög, við Þverholt 23, Einholt 10, Einholt 12, Laugarnesveg 56, Ísleifsgötu, 20-36 (sléttar tölur) í Reykjavík, og Austurkór 88, Austurkór 90 og Austurkór 92 í Kópavogi. Í tengslum við útgáfu á BUS 56 fól Búseti Mikluborg ehf. fasteignasölu og Reykjavík Economics ehf. að útbúa verðmatsskýrslu með það markmiði að verðmeta eignasafn Búseta. Við útgáfu lánsamnings í desember 2016 var bókfært virði veðsettra fasteigna 4,23 ma.kr. Lánshlutfall við útgreiðslu var því 74,2%. Miðað við 30. júní 2017 var bókfært virði fyrrgreindra fasteigna 4,36 ma.kr. og fasteignamat 2018 um 4,63 ma.kr. Eftirstöðvar lánsamnings m.v. 30. júní 2017 var 3,16 ma.kr. Lánshlutfall miðað við 30. júní 2017 var því 72,5% m.v. bókfært virði en 68,3% m.v. fasteignamat 2018.

Upphafleg fjárhæð lánsamningsins dagsettum 14. nóvember 2017 var 2,35 ma.kr. Til tryggingar lánsamningnum, hefur Búseti gefið út tryggingarbréf að fjárhæð 2,65 ma.kr. sem þinglýst er á 4. veðrétt með uppfærslurétti á 55 fasteignir, sem lánið er ætlað að fjármagna. Fasteignir sem um ræðir eru Einholt 8, Þverholt 19 og Þverholt 21, samtals 5.725 fermetrar. Fasteignir eru búsetuíbúðir samkvæmt skilningi laga nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög. Andvirði lánsamningsins var notað til að greiða upp skuldbindingar Búseta sem hvíldu á fyrri veðréttum á fyrrgreindum fasteignum. Við uppgreiðslu skuldbindinga sem hvíldu á fyrri veðréttum, færðist tryggingarbréfið upp á 1. veðrétt. Samanlagt fasteignamat veðsettra eigna er 3,12 ma.kr. m.v. fasteignamat 2018. Í tengslum við stækkun á BUS 56 fól Búseti Mikluborg ehf. að útbúa verðmat með það markmiði að verðmeta þær eignir sem eru til tryggingar

skv. tryggingabréfi dagsettu 13. október 2017. Við útgáfu fyrrgreinds lánessamnings var verðmat veðsettra fasteigna um 3,24 ma.kr. Lánshlutfallið var því 72,6% m.v. verðmat, en 74,4% m.v. fasteignamat 2018.

Upphafleg fjárhæð lánessamningsins dagsettum 1. október 2018 var 2,69 ma.kr. Til tryggingar lánessamningnum, hefur Búseti gefið út tryggingarbréf að fjárhæð 3,25 ma.kr. sem þinglýst er á 3 veðrétt með uppfærslurétti á 71 fasteignir, sem lánið er ætlað að fjármagna. Fasteignirnar sem um ræðir eru Einholt 6 (20 íbúðir), Þverholt 15 (22 íbúðir), Þverholt 17 (27 íbúðir), og Laugaveg 135 (2 íbúðir), samtals 5.548 fermetrar. Fasteignir eru búsetuíbúðir samkvæmt skilningi laga nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög. Andvirði lánessamningsins var notað til uppgreiðslu á skuldbindingum Búseta sem hvíldu á fyrri veðréttum á fyrrgreindum fasteignum. Við uppgreiðsluna færðist tryggingabréfið upp á 1. veðrétt. Samanlagt fasteignamat veðsettra eigna er 1,18 ma.kr. m.v. fasteignamat 2018. Í tengslum við stækkun á BUS 56 fól Búseti Mikluborg ehf., að útbúa verðmat með það markmiði að verðmeta þær eignir sem eru til tryggingar skv. tryggingabréfi dagsettu 17. september 2018. Við útgáfu fyrrgreinds lánessamnings var verðmat veðsettra fasteigna um 3,40 ma.kr. Lánshlutfallið var því 79,0% m.v. verðmat. Í kafla 5 „Yfirlit yfir veðsettar fasteignir til tryggingar á fjárfestingum útgefanda“ má sjá yfirlit undirliggjandi eigna sem standa til tryggingar á lánessamningnum.

Ef Búseti brýtur gegn þeim fjárhagslegu skilyrðum, skyldum um upplýsingagjöf eða skuldbindingum varðandi tilgang, starfsemi, samruna eða skiptingu sem lagðar eru á hann og greint er frá í lið 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna útgefanda“ í verðbréfalýsingu þessari, eða vanskil verða 20 daga eða meiri á umsömdum greiðslum er útgefanda heimilt að gjaldfella lánessamningana einhliða og fyrirvaralaust.

2.12.1 Tilgangur kaupa sjóðsins á lánessamningum

Fjárfestingarstefna útgefanda miðar að því að ávaxta þá fjármuni sem aflað er með sölu hlutdeildarskírteina og sölu skuldabréfa. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við fjárfestingar í fjármálagerningum þar sem Búseti er lántaki. Útgefandi hefur jafnframt heimild til að eiga í peningamarkaðsgerningum, reiðufé, innlánnum eða hlutdeildarskírteinum sjóða sem að meirihluta fjárfesta í slíkum eignum. Búseti er húsnæðissamvinnufélag sem rekið er án hagnaðarsjónarmiða og er í eigu félagsmanna hverju sinni. Búseti starfar samkvæmt lögum um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003 (með síðari breytingum). Tilgangur Búseta er að byggja, reka og viðhalda íbúðarhúsnæði til langs tíma sem félagsmenn fá afnot af í ótilgreindan tíma. Mánaðarlegar greiðslur sem félagsmenn greiða fyrir afnot af eigninni taka mið af áhvílandi lánnum, viðhaldi og öðrum lögbundnum gjöldum. Eignasafn Búseta samanstendur af fullkláruðum íbúðum og íbúðum í byggingu sem staðsettar eru víða á höfuðborgarsvæðinu og Akranesi. Fjallað er um Búseta í útgefendalýsingu útgefanda dagsettri 22. desember 2017 sem uppfærð er í kafla 6 í verðbréfalýsingu þessari.

Við skoðun Búseta hsf. og ráðgjafa félagsins á möguleikum til endurfjármögnunar langtímalána kom bæði til skoðunar að hafa viðskiptabanka og rekstrarfélag verðbréfasjóða sem samstarfsaðila. Búseti hsf. leitaði því tilboða hjá aðilum og úr varð að samið var við Landsbréf hf. fyrir hönd útgefanda.

Þann 5. desember 2016, í samræmi við 8. regluna útgefanda, var skuldabréfaflokkurinn BUS 56 gefin út, að nafnverði kr. 3.200.000.000,-. Andvirði útgáfu skuldabréfanna var nýtt til að kaupa kröfu af Landsbankanum, þar sem krafa Landsbankans á hendur Búseta, sem lántaka var framseld til útgefanda, skv. framsalssamningi milli Landsbankans og útgefanda dagsettum 22. desember 2016. Lánessamningurinn var gerður til að endurfjármagna framkvæmdalán Búseta hjá Landsbankanum, vegna uppbyggingar Búseta við Þverholt, Einholt, Laugarnesveg og Ísleifsgötu í Reykjavík og við Austurkór í Kópavogi.

Þann 14. nóvember 2017 var skuldabréfaflokkurinn stækkaður um kr. 2.280.000.000-. Andvirði stækkunarinnar, var nýtt til að kaupa kröfu af Landsbankanum, þar sem krafa Landsbankans á hendur Búseta, sem lántaka, var framseld til útgefanda, skv. framsalssamningi dagsettum 14. nóvember 2017, milli Landsbankans og útgefanda. Lánssamningurinn var gerður til að endurfjármagna framkvæmdalán Búseta hjá Landsbankanum, vegna uppbyggingar Búseta við Einholt 8, Þverholt 19 og Þverholt 21.

Þann 7. september 2018 var skuldabréfaflokkurinn stækkaður um kr. 2.620.000.000-. Andvirði stækkunarinnar var nýtt til að endurfjármagna framkvæmdarlán Búseta hjá Landsbankanum, vegna uppbyggingar Búseta við Einholt 6, Þverholt 15 og Þverholt 17 og til endurfjármögnunar á Laugavegi 135.

Viðaukar voru gerðir við skuldabréfið þann 15. september 2017, 24. nóvember 2017, 25. maí 2018 og 4. október 2018, þar sem breytingar voru gerðar á einstökum liðum í skilmálum skuldabréfanna. Sjá nánar kafla 4 „Útgáfulýsing BUS 56 og viðaukar við útgáfulýsingu“

2.12.2 Um ráðstöfun uppgreiðsluandvirðis eigna sjóðsins

Búseta er heimilt að greiða upp lán sín árlega frá og með 5. desember 2025. Ef Búseti nýtir sér rétt sinn til uppgreiðslu samkvæmt lánssamningnum ber útgefanda að inna af hendi samsvarandi greiðslu til skuldabréfaeigenda af skuldabréfum sínum samkvæmt þessari útgáfu.

2.12.3 Bókfært virði

Samkvæmt grein 6 í reglum útgefanda skal mat á eignum endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Skuldabréf og lánssamningar skulu vera uppreiknuð og skal virði samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum. Virði annarra fjármálagerninga skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tillit til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Bókfært virði eigna samkvæmt framansögðu verður ekki tilkynnt fjárfestum sérstaklega en mun koma fram í ársreikningum og árshlutareikningum útgefanda. Landsbréf leggja því mat á eignir útgefanda en reikningsskil eru í höndum Landsbankans samkvæmt útvistunarsamningi.

2.12.4 Varsla

Í samræmi við samning um umsjá og vörslu fjármálagerninga, dagsett 30. desember 2016 milli rekstrarfélagsins Landsbréfa og Landsbankans, annast Landsbankinn vörslu á eignum sjóðsins og annarra skjala. Varsla á eignum sjóðsins verður í samræmi við reglur sem gilda um vörslufyrirtæki skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, sbr. II kafla C. Skyldur vörsluaðila skv. samningnum eru að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sjóðsins fari fram skv. lögum og reglum hlutaðeigandi aðila, að framfylgja fyrirmælum rekstrarfélagsins nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila, að tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tryggja að tekjum sjóðsins sé ráðstafað í samræmi við reglur sjóðsins.

2.13 Skipulag og áætlað sjóðstreymi útgefanda

Stærð og skilmálar lánssamninga og skuldabréfaflokksins eru með þeim hætti að sjóðstreymi skuldabréfaflokksins endurspeglar sjóðstreymi lánssamningana, fyrir utan auka vaxtaálag sem lántaki þarf að greiða á mánaðarlegum gjalddögum. Vaxtaálagið, sem Búseti greiðir til útgefanda, er til að standa undir

umsýsluþóknun rekstrarfélagsins. Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna, en allar eignir hans standa þar til tryggingar.

Upphaflegur höfuðstóll lánessamningsins dagsettur 22. desember 2016, sem útgefandi fjárfesti í nam 3,14 mö.kr. Lánessamningurinn er verðtryggður, ber 3,55% fasta vexti og endurgreiðist á 40 árum með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 5. janúar 2017. Samkvæmt skilmálum lánessamningsins þarf Búseti jafnframt að greiða á mánaðarlegum gjalddögum fast 0,1% vaxtaálag af eftirstöðvum lánsins á gjalddaganum á undan. Vaxtaálagið er ekki hluti af jöfnum greiðslum lánsins, heldur greiðist það sérstaklega og er hugsað til að standa straum af reglulegum og endurteknum kostnaði. Þetta vaxtaálag á að lækka í 0,075%, þegar uppgreiðsluheimild verður virk, þann 5. desember 2022.

Lánessamningur að fjárhæð 2,4 ma.kr., dagsettur 14. nóvember 2017 er með samskonar endurgreiðsluferli, vaxtakjör og skilmála og lánessamningurinn dagsettur 22. desember 2016. Lánessamningurinn endurgreiðist þó á 39,1 árum, með 469 jöfnum greiðslum afborgana og vaxta, á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 5. desember 2017.

Lánessamningur að fjárhæð 2,69 ma.kr. dagsettur 1. október 2018 er með samskonar endurgreiðsluferli, vaxtakjör og skilmála og lánessamningarnir dagsettir 22. desember 2016 og 14. nóvember 2017. Lánessamningurinn endurgreiðist þó á 38,2 árum, með 458 jöfnum greiðslum afborgana og vaxta, á eins mánaða fresti í fyrsta sinn 5. nóvember 2018.

Landsbréf sjá um innheimtu á lánessamningunum fyrir hönd útgefanda. Upphaflegur höfuðstóll skuldabréfaflokksins BUS 56 sem lýst er í lýsingu þessari nam 3,2 mö.kr, en eftir stækkun á flokknum þann 14. nóvember 2017 var höfuðstóllinn 5,48 ma.kr. Frekari stækkun var gerð á skuldabréfaflokknum, þann 7. september 2018, sem nam um 2,62 mö.kr. Heildarstærð skuldabréfaflokksins við dagsetningu þessarar lýsingar er því 8,10 ma.kr. Skuldabréfaflokkurinn BUS 56 er verðtryggður og ber 3,55% fasta vexti og endurgreiðist á 40 árum með jöfnum greiðslum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn 5. janúar 2017.

Útgefandinn er beinn kröfuhafi á Búseta og gegnir stöðu þriðja aðila milli lántakans og skuldabréfaeigenda. Hann getur því milliliðalaust, án fyrirvara og aðkomu þriðja aðila gengið til fullnustuaðgerða komi til vanefnda Búseta. Þá getur útgefandi tekið yfir undirliggjandi veð og hafið þá vinnu við að hámarka endurheimtur lánessamningsins og þar með hámarkað endurheimtur. Útgefandi mun hafa eftirlit með stöðu lántaka og ef til þess kemur að Búseti vanefni skyldur sínar skv. lánessamningum mun útgefandi framkvæma fullnustuaðgerðir. Kröfur skuldabréfaeigenda eru ávallt jafnréttháar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. Með þessu fyrirkomulagi er mörgum fjárfestum gert kleift að standa jafnfætis gagnvart tryggingum.

3. Tilkynning til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 5. október 2018 sem varðar beiðni stjórnar Landsbréfa fyrir hönd útgefanda um stækkun á skuldabréfaflokknum BUS 56, sem gefin er út af útgefanda og er skráður á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Framangreint fer fram í samræmi við lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Lýsingin er á íslensku og samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, og útgefandalýsingu dagsettri 22. desember 2017 sem uppfærð er í kafla 6 í verðbréfalýsingu þessari.

Útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Nasdaq Iceland, sem tilgreind eru í kafla 3.3 í reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga, dags. 1. janúar 2018.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að meta eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki BUS 56. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í 1. kafla í verðbréfalýsingu þessari og 1. kafla í útgefandalýsingunni dagsettri 22. desember 2017 sem uppfærð er í lýsingu þessari. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 5. október 2018 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu lýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra útgefandalýsingu útgefanda dagsettri 22. desember 2017 og verðbréfalýsingu þessari. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandi og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfa Landsbréfa- BÚS I til víðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á lýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 5. október 2018 í neinni lögsögu.

Fjárfesting í skuldabréfunum hæfir ekki öllum fjárfestum

Allir sem fjárfesta í skuldabréfunum verða að meta hentugleika fjárfestingarinnar út frá eigin aðstæðum. Sér í lagi ættu allir fjárfestar að:

- a) Búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja marktækt mat á skuldabréfin.
- b) Skilja mismunandi eiginleika skuldabréfa sem fjárfestingarkosts og skilja kosti og galla þess að fjárfesta í skuldabréfum.

- c) Kynna sér vel og skilja allar upplýsingar í lýsingu útgefanda sem er dagsett 5. október 2018 og samanstendur af útgefandalýsingu dagsettri 22. desember 2017, sem uppfærð er í kafla 6 í verðbréfalýsingu þessari og verðbréfalýsingu þessari.
- d) Hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefur á fjárfestingasafn viðkomandi.
- e) Hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjárstöðu til að geta staðið undir þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í skuldabréfunum.
- f) Vera í stakk búnir til að bera þá áhættu sem tengist skuldabréfunum og hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um bréfin og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta-, gjaldmiðla og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna.

3.1 Gildistími og skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 22. desember 2017 samanstendur af tveimur skjölum, verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu dagsettri 22. desember 2017, sem uppfærð er í 6 kafla í verðbréfalýsingu þessari. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu að því tilskildu að útbúinn sé viðauki við lýsinguna eins og kveðið er á um í 46. gr. laga nr. 108/2007, komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til útboði lýkur, eða ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast. Viðaukinn skal staðfestur af FME innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

Eftirfarandi skjöl eru hluti af verðbréfalýsingunni og má finna í kafla 4:

- Útgáfulýsing BUS 56, dagsett 15. desember 2016
- Viðauki við útgáfulýsingu BUS 56, dagsettur 15. september 2017
- Viðauki við útgáfulýsingu BUS 56, dagsettur 24. nóvember 2017
- Viðauki við útgáfulýsingu BUS 56, dagsettur 25. maí 2017
- Viðauki við útgáfulýsingu BUS 56, dagsettur 4. október 2018

Á meðan lýsingin er í gildi má nálgast hana, ásamt fyrirnefndum skjölum, á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda, <http://www.landsbref.is/skrad-skuldabref>, auk þess sem fjárfestar geta nálgast lýsinguna á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu Landsbréfa.

3.2 Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, var með fyrir hönd útgefanda og rekstrarfélagsins, umsjón með töku skuldabréfanna BUS 56 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Jafnframt er Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. umsjónaraðili með töku stækkunarinnar til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur verið stjórn og stjórnendum útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 22. desember 2017 og við gerð lýsingar dagsettri 5. október 2018 og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda og rekstarfélaginu, þar á meðal ársuppgjöri 2017 og árshlutauppgjöri 2018. Markaðsviðskipti Landsbankans kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík hafði umsjón með útboðinu vegna stækkunarinnar dagsettri 7. september 2018.

3.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Landsbréfa hf. og Landsbankans hf. vegna töku skuldabréfa Landsbréfa- BÚS I til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

- Landsbankinn hf. er eigandi Landsbréfa hf., rekstrarfélags sem annast rekstur fagfjárfestastjóðsins Landsbréf-BÚS I sem er útgefandi skuldabréfanna BUS 56, sem þessi lýsing tekur til. Landsbréf sem jafnframt er eini eigandi hlutdeildarskírteina útgefanda, hafði einnig umsjón með sölu skuldabréfanna, og umsjón með útreikningi og framkvæmd greiðslna útgefanda skv. ákvæðum skuldabréfanna. Stjóðstjóri útgefanda er jafnframt starfsmaður Landsbréfa. Útgefandi greiðir Landsbréfum þóknun vegna þessara verkefna, með þeirri mánaðarlegri þóknun sem hann fær frá Búseta.
- Landsbankinn er vörslufyrirtæki útgefandans og sér um að hafa eftirlit með mati rekstrarfélagsins á eignum útgefanda og annast greiðslur útgefandans til skuldabréfaeigenda skv. skilmálum skuldabréfanna sem lýsing þessi tekur til. Jafnframt eru reikningsskil Landsbréfa unnin af Landsbankanum skv. sérstökum útivistunarsamningi. Landsbankinn þiggur þóknun frá Landsbréfum vegna þeirra verkefna sem falla undir vörslusamning sem er í gildi milli þessara tveggja aðila.
- Í tengslum við þriðju stækkun á skuldabréfaflokknum BUS 56 hefur Landsbréf fengið Markaðsviðskipti Landsbankans til hafa umsjón með útboðinu. Markaðsviðskipti Landsbankans þiggur þóknun frá Landsbréf hf. vegna þessa.
- Í tengslum við töku skuldabréfanna BUS 56 til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. verið Landsbréfum til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir Landsbréf hf. Landsbankanum hf. þóknun.
- Í tengslum við töku skuldabréfanna BUS 56 til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hefur Landsbréf hf., f.h. útgefanda samið við Landsbankann um að gegna stöðu viðskiptavaka á eftirmarkaði með skuldabréfin. Landsbankinn þiggur þóknun frá útgefanda vegna þessa, en fyrir það greiðir Búseti samsvarandi þóknun til útgefanda.
- Landsbankinn hf. er viðskiptabanki útgefanda og eru tveir af fimm stjórnarmönnum Landsbréfa starfsmenn Landsbankans og einn varamaður.
- Lánssamningar við Búseta, sem eru undirliggjandi eign útgefanda voru upphaflega gerðir við Landsbankann. Kröfuhafaskipti voru framkvæmd sama dag og lánssamningarnir voru undirritaðir, þar sem kröfur Landsbankans á hendur Búseta, voru framseldar til útgefanda gegn greiðslu. Með þessu tók útgefandi við réttindum og skyldum kröfuhafa samkvæmt lánssamningum við Búseta sem skuldara. Kröfuhafaskiptin voru framkvæmd á þeim forsendum að lánssamningarnir uppfylli skilyrði útgefanda. Engar þóknarir voru greiddar á milli útgefanda og Landsbankans vegna þessa. Samskonar kröfuhafaskipti kunna að eiga sér aftur stað á milli útgefanda og Landsbankans og/eða annarra lánastofnana, þar sem útgefandi tekur við réttindum og skyldum Landsbankans og/eða annarra lánastofnana sem kröfuhafa skv. lánaskjölum við Búseta.

- Í tengslum við hverja útgáfu á skuldabréfaflokknum BUS 56 fær rekstrarfélagið Landsbréf sérstaka umsýslupóknun frá Búseta húsnæðissamvinnufélagi og reiknast þóknunin sem ákveðið hlutfall af hverri útgáfu í skuldabréfaflokknum.

Í 15. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði er kveðið á um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði. Rekstrarfélag má ekki vera vörslufyrirtæki, meirihluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða skal vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki, rekstrarfélög skulu vera óháð móðurfélagi og vörslufyrirtæki í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, svo og að stjórnarmaður í rekstrarfélagi megi ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis.

Útgefanda, Landsbréfum og Landsbankanum sem umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort kaup á skuldabréfum sem þessi lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Útgefandi, Landsbréf og Landsbankinn fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu. Reglur Landsbankans um hagsmunaárekstra sem settar eru í samræmi við 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti er að finna á vefslóðinni https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/UmLandsbankann/MiFID/1226-04_Utdrattur_ur_stefnu_Landsbankans_um_hagsmunaarekstra.pdf

Reglur Landsbréfa um hagsmunaárekstra sem settar eru á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 26 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, 20. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og III. kafla reglugerðar nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélags verðbréfasjóða er að finna á vefslóðinni: <https://landsbref.is/library/Files/Stjornarhaettir/Reglur-Landsbrefa-um-hagsmunaarekstra-utdrattur-2018-04-09.pdf>


3.4 Yfirlýsingar

3.4.1 Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar rekstrarfélagsins

Stjórnarformaður Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík og framkvæmdastjóri Landsbréfa, lýsa hér með yfir, fyrir hönd fagfjárfestasjóðsins Landsbréfa BÚS I, að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 5. október 2018

Fyrir hönd Landsbréfa- BÚS I.



Þórunn Jónsdóttir, stjórnarformaður

Fyrir hönd Landsbréfa- BÚS I



Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri

Skilgreiningar

Í verðbréfalýsingu þessari vísa hugtökin;

„BUS 56“, „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ til skuldabréfaflokksins BUS 56 sem gefinn var út af Landsbréf-BÚS I, þann 15. desember 2016,

„Búseti“, „lántaki“ og „mótaðili útgefanda“ til húsnæðissamvinnufélagsins Búseta hsf., kt. 561184-0709, Síðumúla 10, 108 Reykjavík,

„einkahlutafélög“ til laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 (með síðari breytingum),

„FME“ og „Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlitsins, kt. 541298-3209, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Íslandi,

„hlutafélagalög“ til laga um hlutafélög nr. 2/1995 (með síðari breytingum),

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbréf“, „rekstrarfélagið“, til Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík,

„Landsbréf- BUS I“, útgefandi, og „sjóðurinn“ til Landsbréfa- BUS I, kt. 651116-9960, Borgartúni 33, 105 Reykjavík,

„lýsing“ til lýsingar Landsbréfa-BÚS I, dagsettrar 5. október 2018, sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, og útgefendalýsingu dagsettri 22. desember 2017,

„lög um fjármálafyrirtæki“ til laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002,

„lög um húsnæðissamvinnufélög“ til laga um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003,

„lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði“ til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011

„Nasdaq Iceland“ eða Kauphöll eða“ Nasdaq OMX Iceland“ til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq verðbréfamiðstöð“ til Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Stjórnarhættir fyrirtækja“ til Leiðbeininga um stjórnarhætti eins og þeir eru gefnir út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 5. útgáfa 2015,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„útgefendalýsing“ til útgefendalýsingar dagsettrar 22. desember 2017 og uppfærslu hennar sem finna má í kafla 6 í verðbréfalýsingu þessari,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar þessarar, dagsettrar 5. október 2018,

„VS reikningur“ til skrár um lokafærslur reikningseiganda yfir rafbréf hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.,

„vörsluaðili“ til vörsluaðilans Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í lýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

Skammstafanir og hugtök

e.	enska
ehf.	einkahlutafélag
gr.	grein
hf.	hlutafélag
hsf	húsnæðissamvinnufélag
ISA	International Standards on Auditing
ISK	íslenskar krónur
kr.	krónur
kt.	kennitala
mgr.	málsgrein
m.kr.	milljónir króna
ma.kr.	milljarðar króna
nr.	númer
tl.	töluliður
VNV	Vísitala neysluverðs, reiknuð skv. Hagstofu Íslands

4. Útgáfulýsing BUS 56 og viðaukar við útgáfulýsingu

ÚTGÁFULÝSING

RAFRÆN ÚTGÁFA SKULDABRÉFA HJÁ NASDAQ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ HF.

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Landsbréf – BÚS I, kt.: 651116-9960, Borgartúni 33, 105 Reykjavík.

Heimild til útgáfu skuldabréfa samkvæmt staðfestum reglum sjóðsins.

- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

Framkvæmdastjóri Landsbréfa hf. (rekstarfélag Landsbréf – BÚS I) er Helgi Þór Arason, kt. 160375-5079 en sjóðstjóri er Ingvar Karlsson, kt. 010872-5889.

Stjórn Landsbréfa skipa:

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður, kt. 290859-2719, framkvæmdastjóri Lyfju, Helga Gunnarsdóttir, kt. 260469-5419, sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Jón Þór Grímsson, kt. 270475-4699, deildarstjóri í Lögfræðideild Landsbankans, Kristinn Ingi Lárusson, kt. 191273-5599, framkvæmdastjóri On-Waves, Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, kt. 060665-3119, löggiltur fasteigna- og skipasali hjá Fasteignakaupum. Varamenn í stjórn eru Heiður Agnes Björnsdóttir, kt. 300462-2279, viðskiptafræðingur og Bergþór I. Björgvinsson, kt. 280574-4309, sérfræðingur í Hagdeild Landsbankans.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildslæðni, framkvæmd/eiðir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrrellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

1.3 Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.

Útgefandi er fagfjárfestastjóður sbr. 60. grein laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Landsbréf hf. sem er fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 og hefur starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna

2.1 Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.

Ingvar Karlsson, 010872-5889, ingvar.karlsson@landsbref.is

Klara H. Sigurðurdóttir, 041070-4129, klara.h.sigurdardottir@landsbref.is

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda, sjá viðauka „skilmálar flokks“.

Auðkenni	BUS 56
Útgefandi	Landsbréf – BÚS I
Ábyrgð á greiðslu útgáfu	Útgefandi ber einn ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs en útgefandi er rekinn af Landsbréfum hf. Útgefandi ber einn ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfi þessu.
ISIN nr.	IS0000028173
Skráning í kauphöll	Já, skuldabréfin verða skráð. Stefnt er að skráningu fyrir 31/3/2017.
Tegund skuldabréfs	Jafngreiðslubréf (annuitet)
Heildarheimild útgáfu	18.000.000.000 kr.
Fjárhæð útgáfu nú	3.200.000.000 kr.
Útgáfudagur	5. desember 2016
Lokagjalddagi	5. desember 2056
Greiðslur vaxta og höfuðstóls	Höfuðstóll og vextir greiðast með 480 jöfnum greiðslum. Fyrsta greiðsla fer fram 5. janúar 2017 en síðari greiðslur 5. hvers mánaðar. Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir út.

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/eindir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrtellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	<i>Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Bankadagur í útgáfu þessari er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.</i>
Vextir	3,55% (fastir, flatir vextir, dagaregla 30/360)
Verðtrygging	<i>Skuldabréfið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu sem er dagvísitala útgáfudags, 438,49.</i>
Dagaregla	30/360
Fyrsti vaxtadagur	5. desember 2016
Fyrsti gjalddagi vaxta	5. janúar 2016
Nafnverðseiningar	20.000.000 kr
Gjaldmiðill	ISK
Útreikningsaðili	Landsbréf hf.
Uppgreiðsluheimild/Uppgreiðsluskýlda	Þann 5. desember 2022 og árlega þaðan í frá er lántaka heimilt að greiða lánið upp að fullu eða að hluta. Nýti lántaki uppgreiðsluheimild þessa skal hann greiða uppgreiðslugjald sem nemur 1,5% af fyrirframgreiddri fjárhæð. Uppgreiðslugjaldið skal þó lækka um 0,25%-stig á ári þannig að við uppgreiðslu 5. desember 2028 skal uppgreiðslugjaldið hafa fallið niður. Ef skuldaskjal eða lánssamningur sem útgefandi hefur fjárfest í er greitt upp skal útgefandi greiða upp skuldabréfaflokk eins fljótt og verða má enda sé uppgreiðsluheimild fyrir hendi.
Heimild	Samkvæmt staðfestum reglum sjóðsins.
Tryggingar og helstu eiginleikar eigna útgefanda	Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð en allar eignir útgefanda standa til tryggingar á greiðslu þessa skuldabréfs. Helstu eignir útgefanda samkvæmt reglum hans eru eftirfarandi: a. 0%-100%: Skuldabréf útgefin af Búseta hsf. tryggð með veði í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu b. 0%-100%: Lánssamningar gerðir við Búseta hsf. tryggðir með veði í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	c. 0%-100%Peningamarkaðsgæringar, reiðufé, innlán eða hlutdeildarskírteini sjóða sem að meirihluta fjárfesta í slíkum eignum Ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn fjárfestir svo nokkru nemi samkvæmt c-lið, nema í undantekningartilvikum og þá til sex vikna mest. Lántaki (Búseti hsf.) skal takast á hendur eftirtaldar skyldur á lánstíma: <u>Tilgangur, breytingar á starfsemi, samruni eða skipting:</u> Lántaki skuldbindur sig til að hlutast ekki til um uppskiptingu á lántaka í tvö eða fleiri félög, sameina lántaka ekki öðru félagi, kaupa annað félag eða breyta tilgangi án samþykkis lánveitanda. <u>Upplýsingagiöf:</u> Lántaki skal senda lánveitanda eftirfarandi á hverju ári: a. Endurskoðaðan ársreikning lántaka fyrir síðasta rekstrarár fyrir lok maí áritaðan af löggiltum endurskoðanda. b. Hálfársuppgjör fyrir 1. nóvember kannað af löggiltum endurskoðanda. c. Upplýsingar um vanskil búsetugjalds, sé um slíkt að ræða. d. Stöðu lögveðskrafna í fasteignum lántaka. Lántaki skuldbindur sig jafnframt um að afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, allar frekari upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka.
--	--

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/efndir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, gloppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu, NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	<u>Fjárhagsleg skilyrði:</u> Lántaki gengst undir eftirfarandi fjárhagslegar kvaðir uns skuld samkvæmt láni þessu er að fullu greidd: a. Eiginfjárhlutfall (eigið fé deilt með heildareignum) skal ekki vera lægra en 10% samkvæmt endurskoðuðu ársuppgjöri eða könnuðu hálfársuppgjöri lántaka á líftíma. b. Sjóðstreymi síðastliðna 12 mánuði, samkvæmt endurskoðuðu ársuppgjöri eða könnuðu hálfársuppgjöri lántaka (skilgreint sem EBITDA + breyting á hreinum veltufjármunum - greiddir skattar) skal vera að lágmarki sama fjárhæð og samanlagðir greiddir vextir og samningsbundnar afborganir langtímaskulda. c. Ofangreindar kvaðir, samkvæmt a. og b., skulu prófaðar og reiknaðar á kostnað lántaka tvisvar á ári samhliða því að uppgjör eru send til lánveitanda samanber kvöð um upplýsingagjöf hér að ofan. Prófun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda lántaka. d. Lántaka skulu veittir 180 dagar til að bæta úr ef ofangreind skilyrði eru ekki uppfyllt. Niðurstaða eftir úrbætur skal staðfest með sama hætti og kveðið er á um c.-lið.
--	--

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/eindir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal grípa til, eða láta hjá líða að grípa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á afleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	Við eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að fella lán samkvæmt samningi þessum í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar: a. Ef brotið er gegn einhverju ákvæði um sérstakar skyldur (Fjárhagsleg skilyrði, skyldur um upplýsingagjöf, eða skuldbindingar varðandi tilgang félags, starfsemi, samruna eða skiptingu)sem lagðar eru á lántaka. b. Ef vanskil verða á greiðslu afborgana, vaxta og/eða verðbóta og lántaki bætir ekki úr vanskilunum innan 20 daga. c. Ef samþykkt verður að slíta lántaka, komi fram beiðni um fjárnám, beiðni um kyrrsetningu á eignum lántaka, eignir hans auglýstar á nauðungaruppboði, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans, lántaki óski eftir greiðslustöðvun eða lántaki leiti hvers konar nauðasamninga. d. Ef skuld eða skuldbinding lántaka óviðkomandi samningi þessum, sem nemur hærri fjárhæð en kr. 40.000.000 er vanefnd, nema slík vanefnd stafi af réttlætanlegum mótmælum lántaka og eðlilegum vörnum sé haldið uppi gegn þeim. (e. Cross Default). e. Ef brotið er gegn ákvæði veð- eða tryggingarskjals þar sem eign eða eignir eru settar að veði til tryggingar skuldum lántaka við lánveitanda. f. Ef lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, eða ef lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða ef fjárhagsstaða lántaka breytist að öðru leyti þannig að geta hans til að uppfylla skyldur
--	--

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/eftir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Ekki skal gripa til, eða láta hjá líða að gripa til, neinna ráðstafana á grundvelli upplýsinganna sem er að finna í skjalinu. NASDAQ OMX tekur enga ábyrgð á alleiðingum hvers kyns ráðstafana sem eru gerðar á grundvelli upplýsinganna.

	sína samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda. g. Verði eigendaskipti að lántaka, til dæmis vegna sölu, sameiningar eða samruna við önnur félög eða verði félaginu skipt upp í tvö eða fleiri félög eða það yfirtekið. <i>Komi til þess að útgefandi þurfi að ganga að þeim tryggingum sem standa til fullnustu skuldaskjals eða lánssamnings sem hann hefur fjárfest í og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útistandandi kröfur, ber útgefanda að greiða slíkt til kröfuhafa í hlutfalli við eign þeirra í skuldabréfaflokknum.</i>
Gjaldfelling vegna vanskila	<i>Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS-reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.</i> <i>Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda og til NASDAQ OMX á Íslandi.</i> <i>Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms</i>

Upplýsingarnar sem skjal þetta hefur að geyma voru ekki unnar af NASDAQ OMX og eru birtar án ábyrgðar NASDAQ OMX. NASDAQ OMX ábyrgist ekki nákvæmni skjalsins eða upplýsinganna, tímanleika þeirra, heildstæðni, framkvæmd/eindir eða notagildi í ákveðnum tilgangi. Engin ábyrgð er tekin af eða fyrir hönd NASDAQ OMX á nokkrum villum, glöppum/úrfellingum eða ónákvæmum/röngum upplýsingum í skjalinu.

Langtímaskuldir í árslok	74.395.078	3.532.859.153	16.897.577.977	14.620.682.263

	Skuldir við lánastofnanir, framkvæmdalán	Skuldir við lánastofnanir	Alls skuldir við lánastofnanir
Afborganir af langtímaskuldum 2017 greinast þannig:			
Næsta árs afborganir	-	300.863.440	300.863.440
Afborganir 2019	74.395.078	301.959.008	376.354.086
Afborganir 2020	-	303.097.508	303.097.508
Afborganir 2021	-	304.280.622	304.280.622
Afborgarnir 2022	-	305.510.098	305.510.098
Afborganir síðar	-	15.682.730.741	15.682.730.741
	74.395.078	17.198.441.417	17.272.836.495

Framkvæmdalán Búseta eru til að fjármagna framkvæmdir við uppbyggingu íbúða. Sjá nánar kafla 5.4.1 „Framkvæmdir og nýbyggingar“. Í lok árs 2017 var Búseti einnig með 3,33 ma.kr. framkvæmdalán vegna byggingar íbúða við Smiðjuholt, Ísleifsgötu, Skógarveg og Keilugranda. Af þessum 3,33 m.kr. voru 3,25 ma.kr. á gjalddaga á árinu 2018 og eru því færðar meðal skammtímaskulda, en afgangurinn 74 m.kr. eru með gjalddaga síðar og því færð meðal langtímaskulda í árslok 2017. Í árslok 2016 voru öll framkvæmdalán Búseta með gjalddaga á árinu 2018 og voru þá færð á meðal langtímaskulda.

Lánssamningur, dagsettur 22. desember 2016, sem upphaflega var á milli Landsbankans og Búseta að fjárhæð 3,14 ma.kr. var gerður til þess að endurfjármagna framkvæmdalán hjá Landsbankanum vegna uppbyggingar Búseta við Þverholt, Einholt, Laugarnesveg og Ísleifsgötu í Reykjavík og við Austurkór í

Kópavogi. Þann 22. desember 2016 voru framkvæmd kröfuhafaskipti þar sem krafa Landsbankans á hendur Búseta var framseld til Landsbréfa - BÚS I gegn greiðslu. Með þessu tók Landsbréf - BÚS I við réttindum og skyldum kröfuhafa samkvæmt lánsamningi við Búseta sem skuldara.

Lánsamningur dagsettur 14. nóvember 2017, sem upphaflega var á milli Landsbankans og Búseta að fjárhæð 2,35 ma.kr var gerður til þess að endurfjármagna framkvæmdalán hjá Landsbankanum vegna uppbyggingar við Einholt og Þverholt. Þann 14. nóvember 2017 voru framkvæmd kröfuhafaskipti þar sem krafa Landsbankans á hendur Búseta var framseld til Landsbréfa- BÚS I gegn greiðslu. Með þessu tók Landsbréf- BÚS I við réttindum og skyldum kröfuhafa samkvæmt lánsamningi við Búseta sem skuldara.

Í neðangreindri töflu má sjá fjármögnunarskipulag samstæðu Búseta til lengri og skemmri tíma.

Fjármögnun samstæðunnar	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2014
Eigið fé	13.202.263.711	9.412.446.711	6.197.521.390	4.981.018.011
Eiginfjárlutfall*	34,0%	29,6%	25,0%	23,5%
Viðskiptaskuldir	210.068.762	213.616.885	99.319.183	44.188.609
Skuldir við lánastofnanir, framkvæmdalán	3.257.628.722		538.318.486	1.916.079.768
Næsta árs afborganir langtímaskulda	300.863.440	261.452.582	228.433.730	175.539.984
Aðrar skammtímaskuldir	360.826.874	179.394.231	78.640.911	64.867.247
Langtímaskuldir og skuldbindingar	21.492.212.429	21.739.117.839	17.638.631.100	14.047.897.364
Eigið fé og skuldir	38.823.863.938	31.806.028.248	24.780.864.800	21.229.590.983

* Eiginfjárlutfall reiknast þannig: Eigið fé/ Heildar eignir samstæðunnar

Miðað við ríkjandi horfur er aðeins þörf á endurfjármögnun núverandi framkvæmdalána og þeirra sem tekin verða í náninni framtíð vegna frekari uppbyggingaáforma félagsins. Í samræmi við lög nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög er Búseta óheimilt að greiða út arð. Sjá nánar kafla 5.1.5 „Lagalegt umhverfi mótaðila“. Gerð hefur verið breyting á 5 gr. laga nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög og með breytingunni er Búseta heimilt að endurfjármagna eldri lán með fjármögnun á markaði.

6.1.19 Uppfærsla á kafla 5.4 „Fasteignasafn Búseta“

Kafla 5.4 í útgefendalýsingu verður svohljóðandi:

Í árslok 2017 átti Búseti 976 eignir, eða samtals um 90.379 fermetra. Þar af eru 143 leiguíbúðir og 93 eignir í byggingu við Smiðjuholt og Ísleifsgötu. Fasteignamat 2018 fyrir fullbúnar fasteignir og fasteignir í útleigu hjá Leigufélaginu Búseta nemur 31,76 mö.kr, og gildandi brunabótamat er 25,32 ma.kr.

Samkvæmt ársreikningi 2017 nam bókfært verð eigna félagsins um 38,17 mö.kr, þar af fullbúnar fasteignir um 34,3 mö.kr, og fasteignir í byggingu um 3,84 mö.kr. Fullbúnar fasteignir Búseta eru færðar á gangvirði, við ákvörðun á gangvirði er stuðst við mat sem gefið er út af Fasteignamati ríkisins að teknu tilliti til vísitölu íbúðarverðs. Fasteignir sem eru í byggingu og hafa ekki verið teknar í notkun eru færðar á kostnaðarverði.

Tafla 5.4.1- Landfræðileg skipting fullbúinna fasteigna Búseta

Eignir	Fjöldi eininga	Meðalstærð eininga	Bókfært verð 31. desember 2017	Fasteignamat 2018
Reykjavík	420	97,7	18.132	16.912
Seltjarnarnes	22	82,8	878	805
Kópavogur	62	88,3	2.319	2.127
Garðabær	35	102,5	1.345	1.234
Hafnarfjörður	114	95,4	4.017	3.684
Mosfellsbær	75	89,1	2.675	2.453

Akranes	12	95,2	283	260
Samtals	740	95,4	29.649	27.475

Af fasteignum Búseta eru 88 fasteignir, eða um 9.811 fermetrar, veðsettar útgefanda í tengslum við lánssamninginn, dagsettan 22. desember 2016. Bókfært virði veðsettra eigna vegna lánssamning við útgefanda er um 5,156 ma.kr., skv. ársuppgjöri 2017. Fasteignamat 2018 er 4,71 ma.kr., og brunabótamat 3,68 ma.kr.

Í nóvember 2017 bættust við 55 veðsettar fasteignir eða 5.725 fermetrar til tryggingar skuldum Búseta, í tengslum við lánssamning dags. 14. nóvember 2017. Bókfært virði veðsettra eigna vegna lánssamning við útgefanda er um 3,16 ma.kr., fasteignamat 2018 um 3,16 ma.kr. og brunabótamat um 2,25 ma.kr.

Landfræðileg skipting fasteigna Búseta er eftirfarandi:

Reykjavík

420 íbúðir í Reykjavík, eða samtals 41.047 fermetrar. Meðalstærð þeirra er um 97,7 fermetrar. Þar að auki eru 84 íbúðir í uppbyggingu við Smiðjuholtsreitinn, auk 9 íbúða í uppbyggingu við Ísleifsgötu. Um er að ræða fasteignir staðsettar í Einholti, Þverholti, Skólavörðustíg, Klapparstíg, Laugavegi, Síðumúla, Grafarholti, og Grafarvogi. Meðalstærð íbúða er um 97,7 fermetrar og fermetraverð er á bilinu 349 þ.kr. – 738 þ.kr.

Seltjarnarnes

22 íbúðir á Seltjarnarnesi, eða samtals 1.815 fermetrar. Meðalstærð þeirra er um 82,5 fermetrar. Allar fasteignirnar eru tveggja- fjögurra herbergja íbúðir og eru staðsettar við Eiðismýri 22-28. Fermetraverð fasteignanna er á bilinu 414-544 þ.kr.

Kópavogur

62 íbúðir í Kópavogi, eða samtals 5.476 fermetrar. Meðalstærð þeirra er um 88,3 fermetrar. Íbúðirnar eru við Arnarsmára 4-6, Trönuhjalla 13-17 og Austurkór 88-92. Fermetraverð fasteignanna er á bilinu 368þ.kr. - 478 þ.kr.

Garðabær

35 íbúðir í Garðabæ, eða samtals 3.587 fermetra. Meðalstærð þeirra er um 102,5 fermetrar. Íbúðirnar eru við Bæjargil 46-30, Löngumýri 59, Nónhæð 1, Skólatún 1-6, og Krókamýri 78. Fermetraverð þessara eigna er á bilinu 341 þ.kr.- 425þ.kr.

Hafnarfjörður

114 íbúðir í Hafnarfirði, eða samtals 10.873 fermetrar. Íbúðirnar eru staðsettar við Berjavelli 4, Birkihlíð 2A-4B, Bæjarholt 7A-9, Dvergholt 1-3, Blikás 19-21, Þrastarás 10-12, Holtabyggð 2-6, Miðholt 1-5, Engjahlíð 3a og Suðurhvam 13. Fermetraverð þessara eigna er á bilinu 226 þ.kr. - 467 þ.kr.

Mosfellsbær

75 íbúðir í Mosfellsbæ, eða samtals 6.682 fermetrar. Meðalstærð þeirra er um 89,1 fermetrar. Íbúðirnar eru staðsettar við Bollatanga 10-23, Miðholt 1-13, Litlakrika 1 og Þverholt 13-15. Fermetraverð þessara eigna er á bilinu 350 þ.kr. - 477 þ.kr.

Akranes

12 íbúðir á Akranesi, eða samtals 1.142 fermetrar. Meðalstærð þeirra eru um 95,2 fermetrar. Íbúðirnar eru við Lerkigrund 5 og er fermetraverð þessara eigna um 239 þ.kr.- 255 þ.kr.

Leiguíbúðir í eigu dótturfélags Búseta

143 leiguíbúðir eru í eigu dótturfélags Búseta, Leigufélaginu Búseta. Íbúðirnar eru á höfuðborgarsvæðinu og helmingurinn af þeim er í póstnúmeri 113 í Grafarholtinu. Aðrar eignir eru í Árbæ, Norðlingaholti, Hafnarfirði, Álftanesi, Garðabæ og í Mosfellsbæ. Heildarstærð er um 11.119 fermetrar. Íbúðirnar eru tveggja- fjögurra herbergja. Fermetraverð er á bilinu 364 þ.kr. - 462 þ.kr. Leigufélag Búseta ehf. leigir einnig 74 íbúðir af móðurfélagi sínu Búseta og leigir áfram á almennum leigumarkaði. Samtals eru leigugeiningarnar því um 217.

Tafla 5.4.2: Fjöldi leiguíbúða sem tilheyra Leigufélaginu Búseta

Eignir	Fjöldi eininga	Meðalstærð eininga	Bókfært verð 31. desember 2017	Fasteignamat 2018
Reykjavík	131	77,5	4.288	3.932
Garðabær	12	82,3	387	355
Samtals	143	77,9	4.675	4.287

6.1.20 Uppfærsla á kafla 5.4.1 „Framkvæmdir og nýbyggingar“

Kafla 5.4.1 í útgefendalýsingu verður svohljóðandi:

Á árinu 2012 festi Búseti kaup á stórum byggingareit við Smiðjuholt og enn á eftir að afhenda íbúðir til búseturéttareigenda í síðasta áfanga, eins og sjá má í neðangreindri töflu. Þar að auki hefur Búseti verið að byggja íbúðir við Ísleifsgötu, en áætlað er að þær síðustu komi til afhendingar í nóvember 2018. Búseti hefur einnig fengið úthlutaðar lóðir frá Reykjavíkurborg þar sem byggðar verða um 170 íbúðir. Lóðirnar eru við Keilugranda, Skógarveg og Árskóga. Búseti hefur einnig fengið vilyrði fyrir lóð í Bryggjuhverfi 3. Hluti af samkomulagi við Reykjavíkurborg er forkaupsréttur á um 10% eininga til handa Félagsbústöðum sem hluti af blöndun byggðar.

Tafla 5.4.3: Áætlun um verk í vinnslu hjá Búseta og afhendingartími eftir árum

	Staðan*	2018	2019	2020	2021	Fjöldi íbúða	Áætlað kostnaðarverð (ma.kr.)
Keilugrandi	Framkvæmdir hafnar		40	20	18	78	2,2
Skógarvegur, Fossvogi	Framkvæmdir hafnar		20			20	0,7
Árskógar, Mjódd	Í hönnun		36	36		72	2,1
Smiðjuholt	Í vinnslu	84				84	2,9
Ísleifsgata/raðhús	Í vinnslu	9				9	0,6
Bryggjuhverfi, lóð	Lóðavilyrði					35	
Samtals		93	96	56	18	298	8,5

* Verkáætlun miðast við 31.5.2018

** Ekki er komin tíma- eða kostnaðaráætlun fyrir Bryggjuhverfi

Á árunum 2016 og 2017 voru seldir 169 nýir búseturéttir, flestir í Smiðjuholti en einnig á Laugarnesvegi og Ísleifsgötu. Þar að auki voru 72 nýir búseturéttir í lokaáfanga Smiðjuholts settir í sölu í september 2017.

Íbúðir í byggingu í lok ársins 2017 voru 93 og er áætluð afhending á þeim íbúðum 2018. Á tímabilinu 2018-2021 er gert ráð fyrir að um 263 íbúðir verði teknar í notkun. Helstu eignir í uppbyggingu á tímabilinu 2018-2021 eru eftirfarandi:

- **Keilugrandi**

Við Keilugranda í Reykjavík eru framkvæmdir hafnar á 78 íbúðir í fjórum húsum. Íbúðirnar verða allt frá stúdíóíbúðum upp í fimm herbergja íbúðir. Áætluð afhending íbúða eru á tímabilinu 2019-2021.

- **Skógarvegur**

Við Skógarveg í Reykjavík eru framkvæmdir hafnar á 20 íbúða fjölbýlishúsi með tveggja til þriggja herbergja íbúðum.

- **Smiðjuholt**

Á Smiðjuholtsreitnum við Einholt og Þverholt byggir Búseti alls 204 íbúðir, þar af er búið að afhenda 120 íbúðir. Íbúðirnar eru allt frá stúdíóíbúðum upp í tveggja hæða sex herbergja íbúðir. Síðasti áfangi verður afhentur 2018. Heildarfermetrar er um 18.627 fermetrar og meðalstærð eigna er um 91,3 fermetrar.

- **Ísleifsgata**

Búseti býður upp á samtals 9 raðhúsaíbúðir sem allar eru fimm herbergja ýmist með eða án bílskúrs. Stefnt er að því að uppbyggingu við Ísleifsgötu verði að fullu lokið haustið 2018.

- **Árskógar**

Við Árskóga við Mjódd mun Búseti reisa 72 íbúðir í tveimur byggingum. Þrjár íbúðategundir verða í boði; stúdíóíbúðir, tveggja herbergja og þriggja herbergja. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2018 og að flutt verði inn í kringum áramót 2019/2020.

6.1.21 Uppfærsla á kafla 5.4.2 „Viðhald“

Kafla 5.4.2 í útgefendalýsingunni verður svohljóðandi:

Viðhald núverandi eigna Búseta er einn af stærstu þáttum í rekstri félagsins, ásamt þjónustu við íbúa. Viðhaldssjóður Búseta er samtryggingarsjóður sem allir rétthafar borga í, en honum er ætlað að mæta eðlilegu viðhaldi og skilgreindri endurnýjun eigna félagsins. Þar að auki á viðhaldssjóðurinn að standa straum af bilunum og göllum í fasteignum. Á árinu 2017 áttu sér stað um 1.184 viðhaldsútköll, samanborið við 894 árið 2016, sem er um 32% aukning milli ára. Búseti hefur gert átak í viðhaldi og endurbótum á fasteignum þess. Við íbúðaskipti hefur Búseti nýtt tækifærið og endurnýjað innviði íbúða. Á árinu 2017 voru 10 íbúðir endurnýjaðar að fullu og 19 íbúðir endurnýjaðar að hluta.

Hjá Búseta er starfrækt viðhaldsráð sem hefur það markmið að gæta þess að viðhaldi og/eða endurbótum á eignum félagsins sé sinnt. Jafnframt tekur viðhaldsráð ákvörðun um viðhald og/eða endurbætur á húsnæði í eigu félagsins. Í ákvörðunum um tekjugrunn hússjóðs eiga búsetufélög að taka tillit til áætlana um rekstrarkostnað og viðhaldspörf sameignar, lóðar og bílaplans. Viðhaldsráði er heimilt að endurmeta gjaldið og áætlanir til að tryggja getu búsetufélagsins til nauðsynlegs viðhalds og endurbóta.

Samkvæmt grein 13 í samþykktum félagsins skiptist kostnaður við viðhald og endurbætur á búsetu íbúð á milli búseturéttarhafa og viðhaldssjóðs Búseta eftir ákvæðum laga um húsnæðissamvinnufélög. Hússjóður viðkomandi búsetufélags greiðir þann kostnað sem kveðið er á um í lögum um húsnæðissamvinnufélög að búsetufélög greiði. Viðhaldssjóður Búseta á að greiða allan þann kostnað við viðhald og endurbætur á húsnæði í eigu félagsins sem ekki er greiddur af búseturéttarhafa eða úr hússjóði viðkomandi búsetufélags, samkvæmt nánari reglum sem stjórn félagsins setur.

Greiðslur í viðhaldssjóð eiga að jafnaði að duga fyrir hefðbundnu utanhússviðhaldi, sem og skilgreindum grunnkerfum og innviðum húss. Hækkun á brunabótamati fasteigna Búseta undanfarið hefur hækkað framlag búseturéttshafa í viðhaldssjóð. Stærri viðhaldsframkvæmdir innan íbúðar s.s. endurnýjun á innréttingum felur yfirleitt í sér endurskoðun á búsetugjaldi. Ekki öll viðhalds verkefni eru innifalin í búsetugjaldinu, en heimilt er að fjármagna sérstaklega, með viðbótarláni, stórar viðhaldsframkvæmdir sem hækka þá mánaðarlega greiðslu íbúa. Þetta er þó einungis gert við sölu búseturéttar í eldri íbúð og/eða þegar búseturéttshafi óskar eftir endurnýjun umfram það sem viðhaldssjóður stendur straum af.

Samkvæmt 11. grein í samþykktum Búseta er gerð úttekt á búsetuíbúð að hálfu félagsins við upphaf og lok búsetusamnings. Í sérstakri úttektaryfirlýsingu sem er hluti af búsetusamningnum kemur fram ítarleg lýsing á ástandi íbúðar og getur búseturéttarhafi, á grundvelli úttektaryfirlýsingar komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta. Stjórn Búseta setur sér nánari reglur um úttekt á búsetuíbúðum og hvernig skilum íbúða skuli háttað.

Samkvæmt grein 12 í samþykktum er Búseta heimilt að láta framkvæma nauðsynlegar viðgerðir á búsetuíbúð og er búseturéttarhafi í slíkum tilvikum skylt að veita aðgang að íbúðinni. Búsetaréttarhafi er jafnframt skylt að veita Búseta aðgang að íbúð sinni til eftirlits ef félagið hefur rökstuddan grun um grófar vanefndir á viðhaldsskyldum eða að húsnæðið sé notað á annan hátt en leyfilegt er.

Á næstu misserum mun félagið endurskoða greiðslur í viðhaldssjóð. Endurskoðunin mun taka fyrst og fremst mið af tveimur þáttum sem eru aldur eignanna og stærð. Íbúðir verða jafnframt flokkaðar í þrjá flokka eftir stærð. Sérþýli mun borga hlutfallslega hærra gjald af brunabótamati en stór fjölþýli.

6.1.22 Uppfærsla á kafla 5.5.1. „Stjórn og stjórnendur“

Breyting er gerð á tveimur málsgreinum í kafla 5.5.1.1 „Stjórn“ í útgefendalýsingunni.

Fyrsta málsgrein verður svohljóðandi:

Jón Ögmundsson, formaður.

Jón er félagsmaður í Búseta. Hann lauk lögfræðiprófi (cand. jur.) frá Háskóla Íslands árið 1985, og prófi í bandarískum lögum (juris doctor) frá háskólanum í Miami (UM) árið 1994. Hann hlaut lögmannsréttindi í Flórída fylki árið 1995. Jón öðlaðist málflutningsréttindi fyrir áfrýjunardómstól District of Columbia í Bandaríkjunum árið 1996. Jón er nú annar eiganda Atlus lögmanna slf. Jón starfaði og var meðeigandi hjá Advel þar til 1. maí 2017. Hann er héraðsdómslögmaður frá 1999 og hæstaréttarlögmaður frá 2010. Jón hefur á undanförunum fimm árum setið í stjórn Fjölvvers ehf. og Búseta hsf. Ekki eru fyrir hendi hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa Jóns fyrir Búseta og persónulegra hagsmuna hans eða annarra skyldustarfa hans.

Fjórða málsgrein verður svohljóðandi:

Jón Hreinsson, meðstjórnandi

Jón er félagsmaður í Búseta. Jón lauk prófi í iðnrekstrarfræði frá Háskólanum á Akureyri 1994, B.Sc.-próf í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 1996 og Master of Business Administration prófi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007. Hann hefur starfað sem fjármálastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands frá 2007. Hann hefur stundað kennslu við Háskólann í Reykjavík og Endurmenntun Háskóla Íslands á undanförunum árum. Hann hefur einnig verið meðdómari við héraðsdóm Reykjavíkur. Jón situr í stjórn Vottunar hf. Ekki eru fyrir hendi hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa Jóns fyrir Búseta og persónulegra hagsmuna hans eða annarra skyldustarfa hans

Breyting er gerð á fyrstu málsgrein í kafla 5.5.1.3 „Viðskipti tengdra aðila, hagsmunaárekstrar stjórnar og framkvæmdastjórnar“, í útgefendalýsingunni og verður hún svohljóðandi:

Stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn Búseta teljast vera tengdir aðilar Búseta. Heildarlaun til stjórnar og framkvæmdastjóra Búseta á árinu 2017 námu um 34,3,5 m.kr. Búseti innheimti búsetugjald af stjórnarmönnum, stjórnendum og starfsmönnum fyrir um 11,3 m.kr. á árinu 2016, sem nemur 0,99% af veltu félagsins árið 2016. Á árinu 2017 innheimti Búseti um 11,5 m.kr. í búsetugjald af stjórnarmönnum, stjórnendum og starfsmönnum, sem nemur um 0,51% af veltu Búseta. Búsetugjöldin og leigan voru verðlögð eins og um viðskipti ótengdra aðila væri að ræða.

6.1.23 Uppfærsla á kafla 5.5.2 „Endurskoðun Búseta“

Kafla 5.5.2 í útgefendalýsingunni verður svohljóðandi:

Endurskoðendur Búseta er Deloitte ehf. kt. 5210098-2449, Smáratorgi 3, 102 Kópavogi og fyrir þeirra hönd Hólmgrímur Bjarnason, löggiltur endurskoðandi (og aðili að Félagi löggiltra endurskoðenda). Hólmgrímur undirritaði ársreikninga Búseta fyrir árin 2014-2017.

Endurskoðandinn er óháður Búseta í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi.

Deloitte ehf., hefur ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leyst frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingu þessari.

6.1.24 Uppfærsla á yfirlýsingu í kafla 5.5.3 „Dómsmál og gerðardómsmál“

Yfirlýsinga í kafla 5.5.3 í útgefendalýsingunni verður svohljóðandi:

Búseti er og hefur ekki verið aðili að dóms- eða gerðardómsmálum (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins eða arðsemi þess undanfarna tólf mánuði. Búseta er enn fremur ekki kunnugt um að slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við birtingu lýsingarinnar.

6.1.25 Uppfærsla á kafla 6 „Tilkynning til fjárfesta“

Kafla 6 í útgefendalýsingunni verður svohljóðandi:

Útgefendalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 5. október. 2018, sem varðar beiðni stjórnar útgefanda um stækkun á skuldabréfaflokknum BUS 56 sem gefin er út af útgefanda, og er skráður á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Skuldabréfin eru gefin út af Landsbréfum - BÚS I, fagfjárfestasjóði sem rekinn er af Landsbréfum. Lýsing þessi er á íslensku og samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; útgefendalýsingu dagsettri 22. desember 2017 sem uppfærð er í lýsingu þessari, viðeigandi verðbréfalýsingu sem er útgefin í hvert sinn sem frekari útgáfa á skuldabréfaflokknum BUS 56 á sér stað.

Þann 5. desember 2016 gaf útgefandi út skuldabréfaflokkinn BUS 56, að fjárhæð ISK 3.200.000.000.-. Í nóvember 2017 stækkaði útgefandinn skuldabréfaflokkinn um kr. 2.340.000.000 og var nýtt útgefið kr. 2.280.000.000,- að nafnverði. Með stækkuninni var heildarstærð skuldabréfaflokksins kr. 5.480.000.000,-. Þann 7. september 2018 var ákveðið að stækka skuldabréfaflokkinn enn frekar um kr. 2.620.000.000,-. Heildarstærð skuldabréfaflokksins við staðfestingu þessarar lýsingar er því kr. 8.100.000.000,- eða 405 einingar. Andvirði skuldabréfanna var nýtt til að fjármagna starfsemi útgefanda.

Stjórn útgefanda mun óska eftir því að stækkun á skuldabréfaflokknum BUS 56 verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, en félagið uppfyllir öll skráningarskilyrði Nasdaq Iceland sem tilgreind eru í kafla 3.3 í reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga, frá 1. janúar 2018. Fyrsti

viðskiptadagur með stækkun skuldabréfaflokkinn hjá Nasdaq Iceland verður tilkynntur af Nasdaq Iceland með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

Framangreint fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum I, VII, VIII, XIII og XV við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. janúar 2018. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Í lýsingunni er að finna þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda.

Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í kafla 1 í útgefendalýsingu dagsettri 22. desember 2017 sem uppfærð er í verðbréfalýsingu þessari og í kafla 1 í verðbréfalýsingu Landsbréfa - BÚS I dagsettri 5. október 2018. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefendalýsingu eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 5. október 2018 skal hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningaraðgerða eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landi. Útgefendalýsingu þessa skal hvorki senda í pósti né dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada, eða Japan. Útgefandi, rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða umsjónaraðili eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

6.1.26 Uppfærsla á kafla 6.1 „Gildistími og skjöl til sýnis“

Ný skjöl bætast við sem hluti af útgefendalýsinguunni og má finna í köflum 10, 11 og 12.

- Kannaður árs hlutareikningur útgefanda fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2018
- Endurskoðaður ársreikningur útgefanda 2018
- Verðbréfalýsing dagsett 5. október 2018
- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Búseta 2017
- Samþykktir Búseta, dagsettar 19. maí 2018
- Skýrsla um greiningu og mat á lánshæfi Búseta hsf, unnin af Reitun ehf.

6.1.27 Uppfærsla á kafla 6.2 „Skjöl felld inn með tilvísun“

Eftirfarandi skjöl eru felld með tilvísun inn í lýsingunna og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni.

- Endurskoðaður ársreikningur Landsbréfa hf. 2017
<https://www.landsbref.is/library/Files/Arsreikningaroguppgjor/Landsbref-arsreikningur-2017.pdf>
- Endurskoðaður ársreikningur Landsbréfa BÚS –I 2017
<https://www.landsbref.is/library/Files/BUS-I/Landsbref-BUS-I-arsreikningur-2017.pdf>
- Kannaður árshlutareikningur Landsbréfa hf. 2017
<https://landsbref.is/library/Files/Arsreikningaroguppgjor/2018-06-30-Landsbref-Arshlutareikningur.pdf>
- Kannaður árshlutareikningur Landsbréfa BÚS –I 2018
<https://landsbref.is/library/Files/BUS-I/2018-06-30-Arshlutareikningur-BUS-I.pdf>

6.1.28 Uppfærsla á kafla 6.4 „Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar“

Kafla 6.4 í útgefendalýsingunni verður svohljóðandi:

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, var með fyrir hönd útgefanda og rekstrarfélagsins, umsjón með töku skuldabréfanna BUS 56 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Jafnframt er Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. umsjónaraðili með töku stækkunarinnar til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur verið stjórn og stjórnendum útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 22. desember 2017 og við gerð lýsingar dagsettri 5. október 2018 og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda og rekstrarfélaginu, þar á meðal ársuppgjöri 2017 og árshlutauppgjöri 2018. Markaðsviðskipti Landsbankans kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík hafði umsjón með útboðinu vegna stækkunarinnar dagsettri 7. september 2018.

6.1.29 Uppfærsla á kafla 6.5 „Hugsanlegir hagsmunaárekstrar“

Nýr liður bætist við kafla 6.5 í útgefendalýsingunni á eftir lið þrjú og verður svohljóðandi:

- Í tengslum við þriðju stækkun á skuldabréfaflokknum BUS 56 hefur Landsbréf fengið Markaðsviðskipti Landsbankans til hafa umsjón með útboðinu. Markaðsviðskipti Landsbankans hf. þiggur þóknun frá Landsbréfum hf. vegna þessa.

Liður fimm í kafla 6.5 í útgefendalýsingunni verður svohljóðandi:

- Landsbankinn hf. er viðskiptabanki útgefanda og eru tveir af fimm stjórnarmönnum Landsbréfa starfsmenn Landsbankans og einn varamaður.


6.1.30 Uppfærsla á kafla 6.7 „Yfirlýsingar“


Yfirlýsing í kafla 6.7.1 „Yfirlýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila“ í útgefandalýsingu er uppfærð og verður svohljóðandi:

Stjórnarformaður Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík, og framkvæmdastjóri Landsbréfa, lýsa hér með yfir fyrir hönd fagfjárfestastjóðsins Landsbréfa-BÚS I, að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma, að undanskildum upplýsingum um mótaðila séu í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 5. október 2018

Fyrir hönd Fagfjárfestastjóðsins Landsbréfa - BÚS I


Þórunn Jónsdóttir, stjórnarformaður Landsbréfa hf.


Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa hf.

Yfirlýsing í kafla 6.7.2 „Yfirlýsing endurskoðanda útgefanda og rekstraraðila“ í útgefandalýsingu er uppfærð og verður svohljóðandi:

Ársreikningur 2017 útgefanda og Landsbréfa hf. voru endurskoðaðir í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Það er álit endurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins þann 31. desember 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og reglum um ársreikninga verðbréfa og fjárfestingarsjóða.

Árshlutareikningar útgefanda og Landsbréfa hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2018 voru kannaðir í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Við könnun endurskoðanda kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningarnir gefi glöggva mynd af afkomu félagsins og sjóða þess á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2018, og efnahag 30. júní 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

Yfirlýsing í kafla 6.7.3 „Yfirlýsing lántaka útgefanda“ í útgefandalýsingu er uppfærð og verður svohljóðandi:

Stjórnarformaður húsnæðissamvinnufélagsins Búseta hsf., kt. 561184-0709, Síðumúla 10, 108 Reykjavík, sem er lántaki fagfjárfestastjóðsins Landsbréfa - BÚS I lýsir því yfir fyrir hönd húsnæðissamvinnufélagsins Búseta, að samkvæmt hans bestu vitund eru upplýsingarnar um Búseta sem þessi útgefandalýsing hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík 5. október 2018

Fyrir hönd húsnæðissamvinnufélagsins Búseta


Jón Ögmundsson, formaður.

Yfirlýsing í kafla 6.7.4 „Yfirlýsing endurskoðanda lántaka“ í útgefandalýsingu er uppfærð og verður svohljóðandi:

Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi, 201 Kópavogi hefur endurskoðað samstæðuársreikninga Búseta fyrir árin 2017, 2016 og 2015. Áritun framangreindra reikninga var án athugasemda. Deloitte staðfestir að upplýsingar í kafla 5 „Upplýsingar um mótaðila útgefanda í fjárfestingum“ í lýsingu þessari sem varðar framangreind reikningsskil eru í samræmi við endurskoðaða ársreikninga Búseta fyrir árin 2017, 2016 og 2015.

6.1.31 Breyting á lið í kafla 6.9 „Skilgreiningar“

Eftirfarandi skilgreiningar í kafla 6.9 í útgefandalýsingu eru uppfærðar og verða svohljóðandi:

lýsingin“ til lýsingar Landsbréfa-BÚS I dagsettrar 5. október 2018, sem samanstendur af útgefandalýsingu dagsettri 22. desember 2017 og verðbréfalýsingu dagsettri 5. október 2018,

verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar dagsettrar 5. október 2018,

6.1.32 Uppfærsla á kafla 10 „Árs og árshlutareikningar Búseta“

Ársreikningur Búseta fyrir árið 2017 bætist við kafla 10 í útgefendalýsingunni.

Búseti hsf.

Ársreikningur

2017

Búseti hsf.

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Búseta hsf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Búseta hsf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Búseta hsf. í samræmi við settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Búseta hsf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 13. apríl 2018

Deloitte ehf.


Hólmgrímur Bjarnason

endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Búseta hsf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður Búseta hsf. á árinu 2017 nam kr. 3.789.817.000. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í lok árs 2017 kr. 35.954.021.349, bókfært eigið fé er kr. 13.202.263.711 og eiginfjárlutfall félagsins er 37%.

Þann 31. desember 2017 voru félagsmenn Búseta hsf. 5.138 en þeir voru 4.305 þann 31. desember 2016.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði fluttur til næsta rekstrarárs.


Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Búseta hsf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Búseta hsf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. apríl 2018

Í stjórn


Páll Guðmundsson
Helga Egla Björnsd.
Guðrún Masesel.


Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Búsetutekjur		1.000.391.591	744.851.668
Leigu og þjónustutekjur frá dótturfélagi		183.674.019	156.278.451
Seldur búseturéttur án kaupskyldu		819.257.951	397.039.832
Aðrar tekjur		32.312.980	27.689.683
Rekstur íbúðarhúsnæðis		(399.424.244)	(322.277.433)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(135.645.568)	(121.579.821)
Afskriftir fastafjármuna	6	(16.850.675)	(15.162.616)
Rekstrarhagnaður		1.483.716.054	866.839.764
Fjármunatekjur	4	14.213.079	11.228.188
Fjármagnsgjöld	4	(619.376.162)	(567.763.559)
Matsbreyting íbúðarhúsnæðis	6	3.373.129.789	3.089.698.671
Áhrif dótturfélags	7	388.474.152	501.720.382
Hagnaður fyrir skatta		4.640.156.912	3.901.723.446
Tekjuskattur	5	(850.339.912)	(686.798.125)
Hagnaður ársins		3.789.817.000	3.214.925.321

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Íbúðarhúsnæði og lóðir	6	29.648.629.238	22.861.685.085
Verk í vinnslu	6	3.842.605.124	3.934.494.227
Rekstrarfjármunir	6	168.403.648	165.616.352
Eignarhlutir í dótturfélagi	7	1.963.643.933	1.575.169.781
		<u>35.623.281.943</u>	<u>28.536.965.445</u>
Veltufjármunir			
Rekstrarvörubirgðir		2.758.400	2.781.158
Viðskiptakröfur	8	24.319.745	34.510.397
Verðbréf		95.309.469	92.962.758
Aðrar skammtímakröfur	8	89.545.490	77.020.718
Handbært fé	8	118.806.302	141.381.268
		<u>330.739.406</u>	<u>348.656.299</u>
Eignir		<u>35.954.021.349</u>	<u>28.885.621.744</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	9		
Stofngjald		8.120.900	8.120.900
Varasjóður		1.888.778	1.888.778
Endurmatsreikningur		12.784.558.239	10.086.054.408
Óráðstafað eigið fé, (ójafnað tap)		407.695.794	(683.617.375)
Eigið fé		<u>13.202.263.711</u>	<u>9.412.446.711</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	10	14.431.872.981	12.169.781.298
Skuldir við lánastofnanir, framkvæmdalán	10	74.395.078	3.532.859.153
Búseturéttur	11	897.262.726	928.195.705
Tekjuskattsskuldbinding	12	2.999.458.345	2.149.118.433
		<u>18.402.989.130</u>	<u>18.779.954.589</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		207.822.769	211.950.196
Skuldir við lánastofnanir, framkvæmdalán	14	3.257.628.722	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	272.905.768	234.549.167
Aðrar skammtímaskuldir	13	610.411.249	246.721.081
		<u>4.348.768.508</u>	<u>693.220.444</u>
Skuldir		<u>22.751.757.638</u>	<u>19.473.175.033</u>
Eigið fé og skuldir		<u>35.954.021.349</u>	<u>28.885.621.744</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður samkvæmt rekstrareikningi		3.789.817.000	3.214.925.321
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		16.850.675	15.162.616
Sölutap fastafjármuna		1.137.686	0
Matsbreyting verðbréfa		(2.346.711)	1.132.808
Verðbætur langtímalána		218.997.200	190.290.249
Verðbætur á búseturétt		5.853.873	5.914.206
Tryggingasjóður		(60.131.484)	0
Matsbreyting íbúðarhúsnæðis		(3.373.129.789)	(3.089.698.671)
Tekjuskattur		850.339.912	686.798.125
Áhrif dótturfélags		(388.474.152)	(501.720.382)
Veltufé frá rekstri		1.058.914.210	522.804.272
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(59.398)	(8.899.826)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		50.027.069	56.155.512
Handbært fé frá rekstri		1.108.881.881	570.059.958
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt íbúðarhúsnæði / Verk í vinnslu		(3.544.113.261)	(3.424.319.886)
Selt íbúðarhúsnæði		385.777.250	55.141.000
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(20.775.657)	(1.150.180)
Afborganir skuldabréfa		0	393.288
		(3.179.111.668)	(3.369.935.778)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(246.125.854)	(198.241.964)
Nýjar langtímaskuldir		2.351.121.458	3.140.000.000
Búseturéttur, breyting		(36.786.852)	(58.751.991)
Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög		180.281.422	110.675.032
Hækkun/(lækkun) á framkvæmdalánum		(200.835.353)	(300.599.852)
		2.047.654.821	2.693.081.225
Lækkun handbærs fjár		(22.574.966)	(106.794.595)
Handbært fé í upphafi árs		141.381.268	248.175.863
Handbært fé í lok árs		118.806.302	141.381.268
Aðrar upplýsingar			
Greiddur fjármagnskostnaður		(454.656.573)	(369.090.209)

Skýringar

1. Starfsemi

Búseti hsf. er húsnæðissamvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög. Félagið á og hefur yfirumsjón með rekstri íbúða sem það hefur byggt eða keypt til þess að veita félagsmönnum sínum búseturétt gegn greiðslu búseturéttargjalds.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Búseta hsf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildu því að íbúðarhúsnæði og verðbréf eru metin á gangverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til utan fjármagnskostnaðar vegna eigna í byggingu en hann er eignfærður.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Íbúðarhúsnæði eru fasteignir sem eru í eigu Búseta til að afla búsetutekna og leigutekna. Íbúðarhúsnæði er fært á gangverði í efnahagsreikning. Við ákvörðun á gangvirði er stuðst við fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Breytingar á gangvirði/fasteignamati eru færðar undir liðnum matsbreyting íbúðarhúsnæðis í rekstrarreikning. Íbúðarhúsnæði er ekki afskrifað.

Íbúðarhúsnæði í byggingu, sem ekki hefur verið tekið í notkun, er metið á kostnaðarverði þar sem fasteignamat liggur ekki fyrir.

Hagnaður eða tap af sölu íbúðarhúsnæðis er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært, undir liðnum matsbreyting íbúðarhúsnæðis, í rekstrarreikning.

Við ákvörðun á gangvirði íbúðarhúsnæðis er stuðst við mat sem gefið er út af Fasteignamati ríkisins að teknu tilliti til vísitölu íbúðarverðs. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins er fasteignamat gangverð, umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði haft í kaupum og sölum í febrúarmánuði næst á undan matsgerð, miðað við heimilaða og mögulega nýtingu fasteignar á hverjum tíma. Frá því í febrúar 2017 og til ársloka 2017 hefur vísitala íbúðarverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 9,0%. Vísitalan er vísbending um þróun á verði íbúða og hver væntanleg meðaltalsbreyting fasteignamats kemur til með að vera í nýju fasteignamati. Við matið á íbúðarhúsnæði Búseta þann 31. desember 2017 er stuðst við mat Fasteignamats ríkisins sem er í gildi í árslok 2017 og er það fasteignamat hækkað um hækkun vísitölu íbúðarverðs frá febrúar 2017 til desember 2017 eða 9,0%.

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna þar til niðurlagsverði er náð.

Hagnaður eða tap vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Áhættufjármunir og langtímakröfur

Áhættufjármunir og langtímakröfur, sem eru tryggingasjóður Íbúðalánasjóðs, skuldabréfacign og verðbréf, eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir eignunum og lækkun á markaðsverði en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna eigna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Þegar ástæður verðlækkunar eiga ekki lengur við er áður færð niðurfærsla bakfærð. Verðbréf eru færð á gangvirði í efnahagsreikningi. Matsbreytingarnar eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármangsgjalda.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða raunvirði, hvort sem lægra reynist.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2017	2016
Laun	149.228.399	129.259.055
Lífeyrissjóður	16.423.308	12.677.781
Önnur launatengd gjöld	14.518.003	15.554.298
Annar starfsmannakostnaður	6.741.875	6.045.175
Eignfærður launakostnaður	(47.755.186)	(44.811.558)
	<u>139.156.399</u>	<u>118.724.751</u>

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig í rekstrareikningi:

Rekstrarkostnaður íbúðarhúsnæðis	61.628.958	53.590.613
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	<u>77.527.441</u>	<u>65.134.138</u>
	<u>139.156.399</u>	<u>118.724.751</u>

Stöðugildi að meðaltali hjá félaginu 14 12

Heildarlaun til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins á árinu 2017 námu um 34,3 milljónum króna.

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2017	2016
Hækkun verðbréfaeigna	3.156.654	(74.210)
Aðrar vaxtatekjur	<u>11.056.425</u>	<u>11.302.398</u>
	14.213.079	11.228.188

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld og verðbætur vegna íbúða	(669.608.420)	(559.380.458)
Verðbætur á búseturétt	(5.853.873)	(5.914.206)
Varúðarniðurfærsla langtímakrafna	60.131.484	0
Önnur vaxtagjöld	<u>(4.045.353)</u>	<u>(2.468.895)</u>
	<u>(619.376.162)</u>	<u>(567.763.559)</u>
	<u>(605.163.083)</u>	<u>(556.535.371)</u>

5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 850,4 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna ársins 2017 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Verk í vinnslu	Íbúðar- húsnæði	Samtals íbúðir og verk í vinnslu	Rekstrar- fjármunir
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	3.934.494.226	10.254.117.077	14.188.611.303	211.587.294
Tilbúnar íbúðir færðar úr verk í vinnslu	(3.448.714.364)	3.448.714.364	0	0
Eignfært á árinu	3.544.113.261	0	3.544.113.261	22.670.657
Selt og aflagt á árinu	(187.288.000)	(34.900.000)	(222.188.000)	(3.370.352)
Staða í árslok	3.842.605.123	13.667.931.441	17.510.536.564	230.887.599
Matsbreyting				
Staða í ársbyrjun	0	12.607.568.009	12.607.568.009	0
Matsbreyting ársins	0	3.373.129.789	3.373.129.789	0
Staða í árslok	0	15.980.697.798	15.980.697.798	0
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	0	0	0	45.970.942
Afskrift ársins	0	0	0	16.850.675
Seld og aflagt á árinu	0	0	0	(337.666)
Staða í árslok	0	0	0	62.483.951
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	3.934.494.226	22.861.685.086	26.796.179.312	165.616.352
Bókfært verð í árslok	3.842.605.123	29.648.629.239	33.491.234.362	168.403.648
Afskriftarhlutföll				3-20%

Íbúðarhúsnæði félagsins er fært á áætluðu gangvirði eins og nánar er fjallað um í skýringu númer 2 um reikningsskilaaðferðir. Vakin er athygli á því að á þeim íbúðum þar sem seldur hefur verið búseturéttur hvíla samt ákveðnar hömlur um meðferð þeirra enda er búseturéttarsamningurinn þinglýst kvöð á þeim eignum.

Vátryggingamat fasteigna félagsins í árslok 2017 greinist þannig:

	Vátrygginga- mat
Íbúðarhúsnæði	21.832.424.000
Síðumúli 10	130.900.000

Félagið hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 33.491 milljónum króna og eftirstöðvar áhvilandi lána nema 18.037 milljónum króna.

7. Eignarhluti í dótturfélagi

	Eignar- hlutur	Hlutur í afkomu ársins 2017	Bókfært verð
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Leigufélag Búseta ehf.	100%	388.474.152	1.963.643.933

Skýringar

8. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Innlendar viðskiptakröfur	25.719.745	35.910.397
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(1.400.000)	(1.400.000)
	<u>24.319.745</u>	<u>34.510.397</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Virðisaukaskattur	25.855.916	39.295.884
Fjármagnstekjuskattur	3.317.257	3.005.439
Tryggingasjóður	60.131.484	0
Kröfur vegna sölu íbúða	0	34.335.000
Aðrar kröfur	240.833	384.395
	<u>89.545.490</u>	<u>77.020.718</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2017	31.12.2016
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	118.806.302	141.377.268
Sjóðir	0	4.000
	<u>118.806.302</u>	<u>141.381.268</u>

9. Eigið fé

	Stofnfé	Varasjóður	Matsbreyting fasteigna	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2016	8.120.900	1.888.778	7.614.295.471	(1.426.783.759)	6.197.521.390
Millifært vegna tekjuskatts			(617.939.734)	617.939.734	0
Hagnaður ársins			3.089.698.671	125.226.650	3.214.925.321
Búseti leggur áherslu á viðhald fasteigna til að varðveita gæði og tryggja sem hæst endursöluverð sem og ánægju búseturéttshafa. Almenn getur gott viðhald á eignum leitt til þess að endurheimtur verði hærri en ella. Búseti hefur sérstakan viðhaldssjóð sem virkar sem samtryggingarsjóður sem rétthafar greiða í. Þessum viðhaldssjóði er ætlað að mæta hefðbundnu utanhúsviðhaldi og ákveðnum þáttum sem snúa að innviðum og grunnkerfi eigna. Sjóðnum er einnig ætlað að standa straum af kostnaði vegna bilana og galla í eignum. Á síðustu árum hefur gengið nokkuð á viðhaldssjóð Búseta en hann er þó enn sterkur og mun standa undir væntum viðhaldskostnaði í framtíðinni. Vegna hækkunar brunabótamats fasteigna hafa framlög í viðhaldssjóð hækkað síðustu misseri en búseturéttshafar greiða hlutfall af brunabótamati í viðhaldssjóðinn.

Nýir búseturéttir 111 talsins á árinu 2017

Félagsmenn Búseta eru um 5.100 og eru konur fleiri en karlar. Á árinu 2017 bætti Búseti nýjum eignum við eignasafn sitt með nýbyggingum. Á árinu voru svo seldir 143 búseturéttir og voru 111 af þeim nýir. Nú eru rúmlega 100 eignir í byggingu og 77 eru á þróunarstigi. Þetta er jákvæð þróun og merki um góða eftirspurn eftir eignum Búseta og því leigufyrirkomulagi sem félagið stendur fyrir. Búseturéttshafar dvelja í rúmlega 9 ár í íbúð að meðaltali. Aldurssamsetning félagsmanna er einnig nokkuð dreifð og enginn einn aldurflokkur sem stendur upp úr.

A. VIÐSKIPTAÁHÆTTA

Markaðsstaða og samkeppni

Hagnaður er ekki megin drifjöður í starfsemi Búseta. Á stundum er talað um félagið sem þriðja möguleikann á fasteignamarkaði, þ.e. mitt á milli leiguhúsnæðis og eigin húsnæðis. Eins og aðstæður hafa verið á fasteignamarkaði, þar sem talsverð umframeftirspurn hefur verið eftir húsnæði, hafa miklar umræður spunnist um úrræði og möguleika fyrir einstaklinga og fjölskyldur á fasteignamarkaði. Umræðan hefur mikið snúist um um hagnað leigu- og fasteignafélaga. Búseti starfar, eins og áður hefur komið fram, eftir öðrum leikreglum en þessi félög og lög og reglur setja félaginu ákveðnar skorður. Einnig er krafa um hagnað og arð af félaginu ekki til staðar og getur það því boðið félagsmönnum búsetarétt í eign sem vel er við haldið fyrir sanngjarnt endurgjald. Félagsform húsnæðissamvinnufélags er verulega frábrugðið hlutafélagaforminu. Húsnæðissamvinnufélög líkt og Búseti eru þekkt víða um heim og eiga sér langa sögu. Á Norðurlöndunum eru þessi húsnæðissamvinnufélög eitt algengasta búsetuformið.

Búsetugjald

Form og starfsemi félagsins, líkt og sambærilegra erlendra félaga, er vel skilgreint og afmarkað í lögum. Megintilgangur er að leigja búseturéttarhöfum íbúðarhúsnæði en einnig hefur félagið heimild til að leigja á almennum markaði í gegnum eigið leigufélag. Búseturéttthafar greiða búseturéttargjald er það gjald sem félagsmaður reiðir fram til þess að kaupa búseturétt, yfirleitt á bilinu 10–30% af verði íbúðar. Búsetugjald er gjald sem félagsmaður greiðir mánaðarlega vegna rekstrar- viðhalds- og fjármagnskostnaðar. Búsetugjald lækkar eftir því sem upphafsgreiðsla er hærri. Búseturéttargjaldið er tekjumyndandi í fyrstu sölu og myndar eigið fé um leið og félagið hefur skuldajöfnunarrétt ef vanskil verða á mánaðargjöldum en þessi uppsetning tryggir til muna greiðsluhæfi félagsins. Það er mikilvægt m.a. vegna þess að markmið húsnæðissamvinnufélaga er að félagsmenn greiði búsetugjald sem er á milli kostnaðarverðs og markaðsverðs. Almennt eru því búseturéttthafar að greiða lægra búsetugjald en markaðsleigu auk þess öryggis sem felst í búseturéttinum fyrir búseturéttarhafa sem er með búseturéttinn. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að efla leiguformið á íbúðarhúsnæðismarkaði og er húsnæðissamvinnufélagaformið hluti af því. Mikil eftirspurn er eftir íbúðum hjá Búseta líkt og almennt á leigumarkaðnum og eru biðlistar eftir því að fá íbúð hjá Búseta. Félagsmenn eru jafnframt mun fleiri en þeir sem hafa keypt sér búseturétt.

Önnur húsnæðissamvinnufélög og önnur samkeppni

Þegar talað er um félög sem starfa með félagsleg sjónarmið að leiðarljósi er ekki beint hægt að tala um samkeppni á þeim markaði. Búseti er stærsta húsnæðissamvinnufélagið hér á landi. Önnur félög sem eru sambærileg við Búseta eru Búmenn hsf. og Búfesti hsf. en það hét áður Búseti á Norðurlandi. Áðurnefnd félög eru nokkuð minni en Búseti. Tilgangur allra þessara félaga er í grunninn sá sami. Þó er áherslumunur á þessum félögum ásamt því að staðsetning eigna er frábrugðin milli þeirra. Samkeppnisaðilar Búseta á höfuðborgarsvæðinu eru hin hefðbundnu leigufélög sem eru á markaði.

Húsnæðissamvinnufélög geta farið í þrot líkt og gerðist hjá Búmönnum hsf. Greiðsluferfiðleikar Búmanna hafa áhrif á lánshæfismat Búseta þar sem um mjög svipuð félög er að ræða. Að mati Reitunar er það hins vegar jákvætt gagnvart Búseta að eignir eru nær eingöngu á stórhöfuðborgarsvæðinu en eignir Búmanna voru á Suðurlandi og Suðurnesjum. Auk þess tryggja nýlegar lagabreytingar betur rekstur þessara fyrirtækja en áður. Fjallað er nánar um áhrif lagabreytinga síðar í skýrslunni. Jafnframt sýnir þessi reynsla Búmanna mikilvægi hæfra stjórnenda og góða yfirsýn á almennra rekstraráhættu.

Lög til verndar félagsmönnum

Breytingar á lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 66/2003, voru samþykkt á Alþingi árið 2016 (lög nr. 29/2016). Markmið með breytingunum var „að auðvelda húsnæðissamvinnufélögum að starfa á Íslandi, að auka vernd búseturéttarhafa og skýra nánar réttarstöðu þeirra, annarra félagsmanna sem og húsnæðissamvinnufélaganna sjálfra. Einnig er markmiðið að stuðla að sjálfbærum rekstri slíkra félaga. Gerð er krafa um nákvæmari ákvæði í samþykktum húsnæðissamvinnufélaga um fjármál þeirra. Þá verður húsnæðissamvinnufélögum óheimilt að kveða á um kaupskyldu á búseturétti í samþykktum sínum og búsetusamningum.“

Í 10. grein þessara laga segir um búseturétt:

„Búseturéttur veitir búseturéttarhafa ótímabundinn afnotarétt af þeirri búsetuíbúð sem búsetusamningur hans við húsnæðissamvinnufélagið hvílir á sem þinglýst kvöð, sbr. 4. mgr. 11.gr. Hver búseturéttarhafi getur einungis átt búseturétt í einni búsetuíbúð skv. 1. mgr. og skilyrði er að búseturéttarhafi haldi heimili sitt í búsetuíbúðinni, sbr. þó 19. gr. Þó getur húsnæðissamvinnufélag ákveðið í samþykktum sínum að við tilteknaðar aðstæður geti búseturéttarhafi tímabundið átt búseturétt í tveimur búsetuíbúðum. Hjón og einstaklingar í skráðri sambúð geta sameiginlega átt búseturétt í tiltekinni búsetuíbúð samkvæmt búsetusamningi skv. 11. gr.]¹⁾ Húsnæðissamvinnufélagi skal heimilt að ráðstafa búseturétti til ríkis, sveitarfélaga, almannasamtaka eða félaga, óski þessir aðilar eftir því, og skal þess þá gætt að ekki verði með þeim hætti ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins. [Þegar búseturéttarhafi er lögaðili, sbr. 4. mgr., er eingöngu heimilt að nýta búsetuíbúðir til heimilishalds þeirra sem lögaðili velur til búsetu í þeim samkvæmt reglum sínum. Lögaðilinn á þá réttindi og ber skyldur búseturéttarhafa samkvæmt lögum þessum.“

Með þessu er verið að skerpa á búseturéttinum og tryggja að ekki sé hægt að ganga á rétt búseturéttshafa. Í 12. og 13. gr. er tilgreint hvað skuli innifalið í búsetugjaldi auk þess hvernig ástand húsnæðis skuli vera.

Lögnum, eins og áður sagði, er ætlað að standa vörð um hagsmuni félagsmanna. Til viðbótar að gæta að ekki sé hægt að segja upp búseturétti búseturéttshafa nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, þá er félaginu settar skorður varðandi fjárúttektir úr sjóðum þess. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 29/2016, um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög er ekki heimilt að greiða fé út til þeirra sem að félaginu standa sem arð eða hvers konar ígildi arðs. Í lögnum er einnig tilgreint að allur rekstrarafgangur félagsins skuli notaður til vaxtar eða viðhalds félagsins, svo sem til niðurgreiðslu skulda. Í sömu grein kemur einni fram að:

„Húsnæðissamvinnufélag skal á þriggja ára fresti eða oftár láta framkvæma úttekt á fjárhag, skuldbindingum og starfsemi félagsins til þess að tryggt sé að félagið sé sjálfbært til lengri tíma. Óheimilt er að fela framkvæmd úttektar skv. 1. málsl. aðila sem er starfsmaður sama félags eða félagasamstæðu og endurskoðandi skv. 28. gr. b starfar hjá.

Húsnæðissamvinnufélag skal halda nauðsynlegan varasjóð til að mæta sveiflum í rekstri starfseminnar, sbr. e-lið 1. mgr. 5. gr. Óheimilt er að greiða fé úr húsnæðissamvinnufélagi til þeirra sem að félaginu standa sem arð eða hvers konar ígildi arðs. Rekstrarafgangur félagsins skal notaður til vaxtar eða viðhalds félagsins, svo sem til niðurgreiðslu lána þess.] “

Helstu áhættuþættir og áhættuvilji

Í lögum um húsnæðissamvinnufélög er kveðið á um það, með beinum og óbeinum hætti, að í rekstri þeirra skuli gætt varkárni og áhættufælmi viðhöfð. Telja verður líklegt að undir öllum eðlilegum kringumstæðum og með skynsamri stjórnun eigi þau markmið að nást, a.m.k. í tilvikum Búseta. Eins og alltaf er þó margvísleg áhætta til staðar. Sem dæmi væri að mjög neikvæð efnahagsþróun gæti mögulega leitt til þess að leigjendur hefðu ekki lengur efni á mánaðarlegum greiðslum vegna t.d. hárrar verðbólgu, minnkandi ráðstöfunartekna, lækkandi atvinnustigs o.s.frv. Það reyndi verulega á þetta í efnahagskreppunni 2008 og olli þá ekki neinum teljandi vandkvæðum.

Búseti gerir ekki kröfu um greiðslumat gagnvart nýjum búseturéttihöfum. Hins vegar er skoðað hvort viðkomandi sé á vanskilaskrá. Þó svo að greiðslumat hafi sína kosti og galla þá er erfiðara að meta greiðslugetu búseturéttihafa án þess. Sú trygging sem felst í búseturéttargjaldinu er hins vegar nokkuð traust og telja verður líklegt að sá aðili sem tilbúinn er að leggja það fram telji sig geta, með nokkurri vissu, greitt þau búsetugjöld sem koma þar á eftir.

Búseti er alfarið fjármagnað í íslenskum krónum og ber því enga gengisáhættu milli eigna- og skuldahliðar. Stefna fyrirtækisins er að halda því óbreyttu.

Samþykktir Búseta kveða á um að búseturéttihafar njóti ávinnings af búsetuforminu m.a. í gegnum hagstætt búsetugjald út frá undirliggjandi kostnaði, búsetuöryggi og þjónustu. Félagið þarf að gæta sérstaklega að því að engin mistök séu gerð í útreikningum. Stækkun fyrirtækisins getur aukið hættu á mistökum og yfirsjónum og því mikilvægt að huga vel að kerfum og starfsferlum sem lágmarka möguleika á mistökum.

Vöxtur félagsins hefur verið stöðugur og drifinn áfram af eftirspurn félagsmanna ásamt ávinningi af rekstri og góðri fjárhagsstöðu félagsins. Búseti má ekki greiða út arð til félagsmanna lögum samkvæmt, þannig að öllum hagnaði er ráðstafað í að greiða niður skuldir og/eða áframhaldandi uppbyggingu.

Eins og fram hefur komið er eignadreifing bundin við stór-Reykjavíkursvæðið. Telja verður líklegt, að öðru óbreyttu, að sú stefna sé áhættuminni en ef eignasafnið væri dreift víða um land. Eignir eru einnig í góðu standi. Gott viðhald er tryggt í gegnum búsetusamninga og innt af hendi af Búseta sjálfum. Ef á reyndi og þyrfti að selja eignir ætti því að vera nokkuð tryggt að þær væru seldar í góðu ásigkomulag og fullu markaðsverði. Þessi þáttur skorar jákvætt í matsgrind Reitunar.

Reitun metur jákvætt þá reynslu og þekkingu sem félagið hefur aflað sér frá stofnun. Það byggir upp traust og eykur líkur á því að fleiri félagsmenn bætist við í framtíðinni og eftirspurn eftir búseturétti verði áfram góð.

Nýbyggingar

Á árinu 2016 voru fyrstu íbúðir á Smiðjuholtsreitnum tilbúnar ásamt fyrstu íbúðunum við Ísleifsgötu. Verklok þessara verkefna er síðari hluta árs 2018. Á árinu 2017 voru seldir 143 búseturéttir, 111 í nýjum íbúðum og 32 í eldri. Góð eftirspurn var eftir þessum eignum og eru nær allir búseturéttur seldir. Á Skógarvegi og Keilugranda eru framkvæmdir hafnar á 98 íbúðum og í Árskógum eru 72 íbúðir í hönnun. Einnig er Búseti með vilyrði fyrir lóð í Bryggjuhverfi en hönnun er ekki hafin. Öll þessi svæði eru mjög álitleg og á eftirsóknarverðum stað í Reykjavík. Búist er við að þessar eignir muni bætast við safn Búseta á árunum 2019-2021.

Félagið heldur að hluta sjálft utan um þessar framkvæmdir og bætti við starfsfólki í þeim tilgangi. Ástæðan fyrir því að félagið vill annast verkefni meira sjálft í stað þess að kaupa alla vinnu er fyrst og fremst að lágmarka kostnað og tryggja gæði sem félagsmenn munu njóta góðs af í formi lægra búsetugjalds.

Efnahagshorfur


Hagvöxtur á Íslandi var meiri á síðasta ári en spár gerðu ráð fyrir. Verg landsframleiðsla 2017 jókst um 3,6% að raunvirði frá fyrra ári samanborið við 7,5% hagvöxt árið 2016 og 4,1% árið 2015. Hagvöxtur hefur því verið viðvarandi undafarin ár og núverandi hagvaxtarskeið eitt það lengsta sem þekkist og sér ekki fyrir endann á því að mati

Seðlabankans. Einkaneysla jókst um 7,8% að raunvirði á síðasta ári og fjármunamyndun um 9,3%. Búast má við frekari vexti í íbúðafjárfestingum á næstu misserum þar sem skortur er á íbúðum og að fjárfesting hins opinbera aukist verulega. Seðlabanki Íslands spáir áframhaldandi hagvexti á þessu og næstu árum þó hann geri ráð fyrir minnkandi hagvexti en samkvæmt Peningamálum 2018/ spáir bankinn 3,6% hagvexti í ár, 2,7% 2019 og 3,0% 2020 og gerir ráð fyrir mjúkri lendingu hagkerfisins eftir þenslu undanfarinna ára. Greiðslukortavelta einstaklinga hefur haldið áfram að vaxa og erlendum ferðamönnum fjölgað sem hingað koma, en fjölgunin þó ekki eins mikil og undafarin ár. Seðlabankinn spáir 5,6% raunvexti einkaneyslu á þessu ári, 3,8% á því næsta og 3,2% 2020.

Tólf mánaða verðbólga er nú um 2,6% og er hún búin að dansa í kringum 2,5% verðbólguþröng Seðlabankans. Vísbendingar eru um að langtímaverðbólguvæntingar hafi farið eitthvað yfir markmið, en verðbólga án húsnæðisliðar hefur aukist undanfarið. Verðbólguþrýstingur er því nokkur og enn er þó nokkur framleiðsluspenna í hagkerfinu. Laun og fasteignaverð hafa hækkað og mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Verðvísitölur fasteigna hafa hækkað töluvert undanfarna mánuði og hafa dregið verðbólguna áfram á liðnum misserum. Verðbólga í okkar helstu viðskiptalöndum hefur heldur verið að taka við sér, t.a.m. á evrusvæðinu, í Bandaríkjunum, Bretlandi og Kína sem gæti átt eftir að aukast frekar á næstu misserum og sett, ásamt sterku gengi krónunnar þrýsting á innflutt verðlag til hækkunar.

Megin vextir Seðlabankans hafa verið 4,25% síðan í október 2017. Virkir raunstýrivextir hafa verið að lækka eftir því sem megin vextir bankans hafa verið að lækka og verðbólga og verðbólguvæntingar hafa haldið í við verðbólguþröng Seðlabankans. Virkir raunstýrivextir voru um 3% á fyrri hluta árs 2017, lækkuðu enn frekar í um 2-2,5%, en eru nú taldir vera 0,7-1,3% eða 1,3-1,5% eftir því við hvaða mælikvarða er miðað.

Vísitala fasteignaverðs



Mynd 2: Vísitala fasteignaverðs
Heimild: Þjóðskrá Íslands


Fasteignamarkaðurinn fylgir hagsveiflu

Húsnæðismarkaðurinn er í eðli sínu mjög næmur fyrir breytingum í efnahagsumhverfi. Hagkvæmni og rekstrarárangur er mjög háður raunhagkerfinu. Eftir efnahagshrunið árið 2008 tók fasteignaverð dýfu. Vísitala fasteignaverðs lækkaði um rúm 15% á næstu tveimur árum. Frá því að vísitalan var lægst eftir hrun, febrúar 2010, og til dagsins í dag hefur vísitalan hækkað um 107%. Á mynd 2 má sjá þróun vísitölu fasteignaverðs frá árinu 2002. Inn í þessa hækkun fasteignaverðs spila fólksfjölgun, skortur á íbúðum, aðgerðir ríkisins, lægri vextir á markaði, aukinn kaupmáttur, fjölgun ferðamanna og takmarkað framboð nýbygginga. Íbúðir seljast nú á methraða og fasteignaverð hækkar hratt.

B. FJÁRMÁLAÁHÆTTA

Fjármálastefna

Þar til 2016 hafði stærsti hluti fjármögnunar Búseta farið í gegnum Íbúðalánasjóð auk bankafjármögnunar og sölu á búseturétti. Árið 2016 varð sú breyting að Búseti sótti fjármagn beint á markað. U.þ.b. sex milljarðar króna voru sóttir á markað í lok þess árs. Var fé þetta notað til að endurfjármagna eldri og óhagstæðari lán, til að fjármagna nýbyggingar og loks til að endurfjármagna Leigufélag Búseta. Með þessu náðist að lækka vaxtakostnað félagsins. Vaxtarkjör í skuldabréfaútboðinu lágu á 3,55%. Það að félagið hafi sótt fjármagn á markaðinn og þar með fjölgað fjármögnunarleiðum er jákvætt m.t.t. lánshæfismats. Nú hyggst félagið enn leita á markað til að endurfjármagna skammtíma framkvæmdalán. Jákvætt er fyrir félagið að það er með öruggt aðgengi að skammtímalánsfé í gegnum lánalínur sem hægt er að draga á með skömmum fyrirvara gerist þess þörf.




Mynd 3: Fjármagnsskipan
Heimild: Búseti, Reitun

Eins og sést á mynd 3 hér að ofan hafa skuldir félagsins hækkað jafnt og þétt milli ára. Eigið fé og eiginfjárhlutfall félagsins hefur að sama skapi hækkað. Eiginfjárstaða Búseta er sterk. Frá 2013 hefur eigið fé vaxið úr 3,4 milljörðum króna í 13,2 milljarða í árslok 2017. Eiginfjárhlutfallið á sama tímaferið úr 18,6% í 34%. Það má benda á að eignir félagsins eru varlega metnar að mati Reitunar. Fjárhagsskipan breyttist samhliða fjármögnun nýrra verkefna. Reitun hefur lagt eigið mat á áætlanir Búseta og bentu þær til þess að félagið myndi standa vel undir þeim breytingum sem verkefnin hefðu í för með sér. Jákvaett er að sjá að áætlanir hafa gengið eftir.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi Búseta hefur í gegnum tíðina verið sterkt. Miðað við afkomu síðasta árs þá hefur ekki orðið breyting á því. Búseturéttarsamningar eru gerðir til langs tíma en almennir leigusamningar til skemmri tíma eins og almennt gerist á leigumarkaði íbúðarhúsnæðis. Ekki hvílir kaupskylda á herðum Búseta á búseturéttum sem er ákveðinn öryggisventill fyrir félagið ef frá eru taldir nokkrir gamlir samningar. Trygging Búseta fyrir greiðslu á búsetugjaldi er góð. Búseti vel varinn ef búseturéttahafi getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Einnig hefur Búseti þann möguleika í búsetusamningum sínum að endursemja um mánaðarlegar greiðslur komi til kostnaðarhækkana umfram áætlanir Búseta. Vanskil hjá félaginu eru lítil og hafa verið lítil, m.a.s. í kjölfar efnahagshrunsins þó svo þau hafi aukist á þeim tíma. Í efnahagshruninu gerðist það að lán félagsins hækkuðu talsvert og eigið fé þess minnkaði. Félaginu tókst að auka tekjur sínar til að geta staðið undir afborgunum og kostnaði við rekstur og viðhald eigna. Fáir búseturéttahafar kusu að hætta í kerfinu í kjölfar efnahagshrunsins og voru ástæður fyrir brotthvarfi þeirra fáu sem hættu mismunandi.

Á mynd 4 má sjá áhrif þeirra miklu verkefna sem félagið hefur lagt í á sjóðstreymið. Miklar fjárfestingar kalla á fjármögnun þar sem handbært fé frá rekstri dugar engan veginn til að standa undir þeim. Handbært fé frá rekstri hélst nokkuð stöðugt á árunum fyrir 2016 en á því ári varð breyting á og tvöfaldaðist handbært fé frá rekstri frá árinu áður og tvöfaldaðist enn og aftur 2017. Fjárfestingar síðustu missera eru nú að hluta byrjaðar að skila félaginu leigu- og búseturéttartekjum.



Mynd 4: Sjóðsjöfnuður
Heimild: Búseti

Reitun telur ekki ástæðu til að endurreikna sjóðstreymi út frá sínum forsendum við mat á þjónustuhlutfalli skulda og veðsetningarhlutfalli *(LTV). Öllum eignum er vel við haldið og þær vel váttryggðar þannig að ólíklegt er að einhver óvæntur viðhaldskostnaður myndist umfram það sem nú er þegar gert ráð fyrir og er innifalið í búsetugreiðslum. Við endurúthlutun getur Búseti hækkað búseturétt ef um kostnað vegna endurnýjunar er að ræða. Taflan hér að neðan sýnir mat Reitunar á vaxtaþekju annarsvegar og þjónustuhlutfalli skulda hins vegar. Eins og sést í töflu 1 styrktist bæði vaxtaþekja og skuldaþjónustuhlutfall umtalsvert á síðasta ári og hefur það jákvæð áhrif á lánshæfismatið. Þessi hækkun er einnig góð í því ljósi að samningar og tryggingar eru þess eðlis að félagið getur leyft sér að stýra verðskrá þannig að tekjur nánast endurspeglu einvörðungu kostnað, greidda vexti og afborganir. Til viðbótar hefur félagið ýmsar leiðir til að fjármagna sig dugi þessar tekjur ekki til, auk þess sem það hefur reglulega tækifæri á að breyta gjöldum til samræmis við kostnað.

Vaxtaþekja og þjónustuhlutfall skulda	2013	2014	2015	2016	2017
EBIT	618	696	717	1.024	1.632
Greidd vaxtagjöld	405	437	460	486	553
Vaxtaþekja	1,5	1,6	1,6	2,1	3,0

EBIT	618	696	717	1.024	1.632
Greidd vaxtagjöld	405	437	460	486	553
Greiddar afborganir	160	176	228	261	301
Greitt samtals	565	613	688	747	854
Skuldaþjónustuhlutfall	1,1	1,1	1,0	1,4	1,9

Tafla 1: Vaxtaþekja og þjónustuhlutfall skulda
Heimild: Búseti, Reitun

Verðmat fasteigna

Markaðsverð eigna er endurmetið ár hvert til samræmis við hækkun vísitölu fasteignaverðs Horfur fyrir árið 2017 eru sambærilegar og telur Reitun að fasteignaverð muni hækka eitthvað til viðbótar, þótt hækkunin verði ekki eins hröð og á síðustu misserum.

Veðsetningarhlutfall út frá bókfærðu virði lækkaði um 1,2% á síðasta ári og var 53,8% í árslok.

Almennt þegar unnið er verðmat á fasteignum fasteignafélaga, við gerð lánshæfismats, er fundin ávöxtunarkrafa til núvirðingar á reiknuðu sjóðstreymi. Þegar leiguverð er ákvarðað á markaði og nýtingarhlutfall er eðlilegt þá á slíkt verðmat að vera ágætur mælikvarði á veðsetningarhlutfall. Í tilviki Búseta, þar sem leiguverð er lægra en á markaði, þá gilda þessi viðmið ekki, eins og sést í töflu 2 þar sem einfaldur útreikningur er framkvæmdur. Í þessum útreikningum er miðað við lága verðtryggða ávöxtunarkröfu. Þrátt fyrir lága kröfu er virði eigna, samkvæmt sjóðstreymismati, lægra heldur en skv. fasteignamat virði.

Ekkert viðbótarvirði er því í samningum Búseta við leigjendur umfram fasteignamat eða bókfært virði fasteigna, að mati Reitunar. Það þarf ekki að koma á óvart m.v. eðli og tilgang félagsins Veðsetningarhlutfall er því metið út frá bókfærðu virði.

Veðsetningarhlutfall hefur farið lækandi og er nú vel ásættanlegt þar sem eingöngu er um íbúðarhúsnæði er að ræða. Reitun er meðvitað um að eftir því sem nýjar byggingarnar klárast geti orðið um einhverja hækkun að ræða sem mun auka eigið fé og veðsvigrúm enn frekar.

Reiknað veðhlutfall (% og ma.kr)	2013	2014	2015	2016	2017
Tekjur af fasteignum	979,4	1.115,2	1.146,7	1.537,6	2.242,9
Ávöxtunarkrafa (vísbending, lág)	6,0%	6,0%	6,0%	6,0%	6,0%
Verðmat	<u>16.324</u>	<u>18.587</u>	<u>19.112</u>	<u>25.626</u>	<u>37.381</u>
Bókfært verð	17.385	20.546	23.804	30.991	38.166
Langtímalán með veði	11.929	11.727	11.762	14.882	17.198
Veðhlutfall, reiknað (LTV)	69%	57%	49%	48%	45%

Tafla 2: Reiknað veðhlutfall
Heimild: Búseti, Reitun

Lausafjárstaða


Veltufjárlutfall félagsins hækkaði á síðasta ári úr 0,8 í 1,0. Stærsta einstaka ástæðan er endurfjármögnun framkvæmdaláns með langtímaláni. Að teknu tilliti til þessa, góðrar framlegðar og aðgengis að fjármagni verður að telja lausafjárstöðu félagsins sterka sem stendur og engar fyrirsjáanlegar breytingar sem ættu að hafa áhrif á hana til hins verra. Reitun metur sem svo að Búseti geti staðið af sér margvíslegar neikvæðar aðstæður sem upp geta komið sbr. efnahagshrunið 2008.. Í töflu 3 er lagt mat á lausafjárstöðu auk þess sem framkvæmd er einföld næmnigreining um 10% og 50% lækkun tekna. Tekjur félagsins ásamt sjóði og verðbréfum hafa verið vel yfir 1 ár með afborgunum langtímaskulda þar til 2016 að það fór í 0,6. Það ár var hins vega stór gjalddagi langtímalána sem var endurfjármagnaður og 2017 var þetta hlutfall komið í 1,8 ár og á töflu 3 sést að þó tekjur lækki um 50% duga tekjur í 1 ár til að standa straum af útgjöldum með næsta árs afborgunum. Reitun metur þetta hlutfall sem ígildi þjónustuhlutfalls skulda í þeim tilvikum þar sem eingöngu er verið að skoða hlutfallið út frá CMBS lánshæfismötum. Hlutfallið 1,8 og þykir í því samhengi vera traust og styður það gott lánshæfismat Búseta. Tekjur gætu dregist saman og því er nauðsynlegt að hafa sterka lausafjárstöðu. Lækkun tekna um 10% í eitt ár hefði ekki umtalsverð áhrif á félagið og jafnvel þó tekjur lækkuðu um 50% að þá gæti félagið staðið það af sér til eins ár en ekki mikið lengur en það.

Mat á lausafjárstöðu (ma.kr og hlutfall)	2013	2014	2015	2016	2017	Næmnigreining	
						Lækkun í 90% tekna	Lækkun í 50% tekna
Tekjur	861	1.115	1.147	1.538	2.243	2.019	1.121
Handbært fé	364	200	347	189	190	190	190
Verðbréf	212	211	379	341	175	175	175
	1.437	1.526	1.873	2.067	2.608	2.383	1.486
Rekstur íbúðarhúsnæðis	216	326	334	373	456	456	456
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	73	86	87	125	138	138	138
Greiddur fjármagnskostnaður	397	437	460	486	553	553	553
	685	850	880	984	1.147	1.147	1.147
Fjöldi ára	2,1	1,8	2,1	2,1	2,3	2,1	1,3
Afborganir langtímaskulda	158	174	228	2.715	301	301	301
	843	1.024	1.109	3.699	1.448	1.448	1.448
Fjöldi ára	1,7	1,5	1,7	0,6	1,8	1,6	1,0


Tafla 3: Mat á lausafjárstöðu
Heimild: Búseti, Reitun

Rekstrarframlegð og skuldsetning

Rekstrarframlegð Búseta er sterk og í samræmi við skuldahlutfall. Eins og sést á mynd 5 þá er landslagið breytt þegar kemur að samræmi milli EBITDA og greiddra vaxta og afborgana. Á myndinni má sjá að á árinu 2016 varð stórt stökk í greiddum vöxtum og afborgunum, en það var vegna þess að þá komu til endurfjármögnunar stór framkvæmdalán sem voru endurfjármögnuð. Tekjur og EBITDA félagsins aukast milli ára í takt við aukin fjölda eigna í útleigu og er jákvætt að sjá áætlanir stjórnenda félagsins ganga upp.




Mynd 5: Tekjur, greiddir vextir, afborganir lána, EBITDA og framlegð
Heimild: Búseti, Reitun



Mynd 7: Skuldamargfaldari án nýframkvæmda
Heimild: Búseti, Reitun

Á mynd 6 sést að handbært fé frá rekstri hefur aukist milli ára en hún gefur ekki raunsanna mynd sökum þess að Búseti endurfjármagnaði lán á árinu 2016 og ekki tekið tillit til nýja lánsins í myndunum. Hefði það verið gert hefðu afborganir langtímalána hækkað milli ára en handbært fé frá rekstri hefði fyllilega staðið undir þeirri hækkun. Á



Mynd 6: Afborganir langtímalána og handbært fé frá rekstri
Heimild: Búseti, Reitun

árinu 2018 er gjalddagi á framkvæmdaláni upp á rúma 3,5 ma.kr. en að öðru leyti eru afborganir næstu ára rúmar 260 m.kr. á ári að öðru óbreyttu. Skuldamargfaldarinn (hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA) hefur farið lækkandi undanfarin ár eins og sést á mynd 7. Þessi margfaldari er hins vegar hár m.t.t. láns hæfis eins og víða hjá fasteignafélögum. Hluti af skýringu fyrir háum margfaldara er lág EBITDA. Ef um hefðbundið hagnaðardrifið fasteignafélag væri að ræða þá mætti vænta að EBITDA væri hærri og margfaldarinn því hlutfallslega lægri. Það þarf því að skoða þennan margfaldara m.t.t. tilgangs félagsins.

Fjárhagskennitölur

Eins og fram hefur komið er Búseti ekki hagnaðardrifið eins og almenn fasteignafélög eða leigufélög á markaði eru flest. Af þeim sökum er mikilvægt að horfa á lagaumgjörð, regluverk og aðra öryggisventla, eins og veðhlutfall og seldan búseturétt til stuðnings við fjárhagskennitölur félagsins. Í töflu 4 má sjá ýmsar lykilstærðir í efnahag Búseta og þróun þeirra síðust 3 ár. Í flestum tilvikum eru þær að styrkjast verulega, einkum hlutföll gagnvart vaxtaberandi skuldum og eiginfjárlutfall. Veltufjárlutfall stingur þó verulega í stúf en það fer úr 1,0 árið 2016 í 0,12 á síðasta ári. Skýringin er þó sú að félagið stendur í töluverðum framkvæmdum, uppbyggingu, sem fjármögnuð er með skammtíma framkvæmdaláni sem endurfjármagnað verður á líðandi ári með skuldabréfa útboði. Reitun telur að það muni ganga eftir og hefur ekki miklar áhyggjur af þessari stöðu, a.m.k. ekki sem stendur.

Fjárhagsupplýsingar	2015	2016	2017
Tekjur	1.146.712	1.537.568	2.242.853
EBITDA	725.884	1.039.139	1.648.557
EBIT	716.536	1.023.976	1.631.706
Hagnaður án matsbreytinga fasteigna	- 299.863	- 513.102	- 63.345

Hagnaður með matsbreytingum			
fasteigna	1.216.503	3.214.925	3.789.817
Eignir samtals	24.780.865	31.806.028	38.823.864
Eigið fé samtals	6.197.521	9.412.447	13.202.264
Skuldir samtals	18.583.343	22.393.582	25.621.600
Eiginfjárhlutfall	25,0%	29,6%	34,0%
Vxt. br. sk.	15.595.798	18.414.994	20.530.465
Veltufjárhlutfall	0,84	1,0	0,12
Vxt. br. sk. / EBITDA	21,5	17,7	12,5
Vxt. br. sk. / Tekjur	13,6	12,0	9,2
Vxt. br. sk. / Hb. fé frá rekstri	51,3	30,0	17,6
EBITDA / Greiddur fjármagnskostnaður	-1,6	-2,1	-3,0
EBIT / Greiddur fjármagnskostnaður	-1,6	-2,1	-3,0
(Hb. fé frá rekstri + fjármagnskostnaður) /			
fjármagnskostnaður	1,7	2,3	3,1

Tafla 4: Fjárhagsupplýsingar og kennitölur
Heimild: Búseti, Reitun

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins 2017 kemur fram í skýringu 10 að á félaginu hvíli kaupskylda á búseturéttum sem seldir voru fyrir 1. júlí 2013. Sú kaupskylda er þó háð ýmsum takmörkunum samkvæmt samþykktum félagsins. Búseturéttshafi sem hefur kaupskyldurétt í samningi sínum getur óskað eftir að selja búseturétt sinn. Ef nýr búseti finnst ekki innan sex mánaða eftir að uppsögn fór fram var félaginu skylt innan sex mánaða, þaðan í frá, að kaupa búseturéttinn á verði sem skilgreint er í samningi. Ýmist var um að ræða lágmarksverð eða framreiknað fast verð í elstu samningunum. Á árinu 2013 var sú breyting gerð að búseturéttir sem seldir voru eftir 1. júlí 2013 bera ekki kaupskyldu. Sú breyting ver tvímælalaust lausafjárstöðu félagsins til lengri tíma liðið.

Viðhald og þróun á eiginfé

Í 7. gr laga númer 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög stendur:

„Óheimilt er að greiða fé úr húsnæðissamvinnufélagi til þeirra sem að félaginu standa sem arð eða hvers konar ígildi arðs. Rekstrarafgangur félagsins skal notaður til vaxtar eða viðhalds félagsins, svo sem til niðurgreiðslu lána þess.“

Þessari grein er ætlað að tryggja hagsmuni félagsmanna og koma í veg fyrir að eigendur félagsins geti ráðstafað hagnaði þess þannig að það leiði til taps félagsmanna. Með þessu hefur eigið fé félagsins vaxið yfir tíma. Eigið fé félagsins er tryggt. Það sem gæti haft mest áhrif á það eru miklar sveiflur í fasteignaverði sem gæti leitt til lækkunar á matsvirði eigna. Það gerðist í kringum efnahagshrunið árið 2008 þegar eigið fé félagsins lækkaði um 10%. Það var ekki vegna tekjusamdráttar heldur vegna lækkunar fasteignaverðs. Eiginfjárhlutfall félagsins lækkaði þá niður í 11% úr 25% en er nú komið í um 34%.

Gjaldeyris- og verðtryggingaráhætta


Búseti ber enga gengisáhættu, hvorki í rekstri félagsins né efnahag þess. Allar tekjur og kostnaður eru í íslenskum krónum og sama gildir um allar eignir og skuldir. Lánin eru verðtryggð og bera misháa vexti. Í samningum félagsins við félagsmenn sína er miðað við að búsetugjald félagsmanna þróist í takt við verðlag og því er verðtryggingaráhætta félagsins takmörkuð.

C. ENDURHEIMTUGREINING

Búseti á gott eignasafn og er með traustan rekstur. Eignasafnið ætti að gefa lánveitendum aukið traust á félaginu í formi nægra endurheimta undir eðlilegum kringumstæðum.

Reitun notar bókfært verð fasteigna Búseta án breytinga við mat á veðsetningu og í greiningu á endurheimtum. Fasteignir eru eingöngu íbúðarhúsnæði og við ákvörðun á virði þess er stuðst við fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Búseti hefur ekki nýtt sér verðmat utanaðkomandi sérfræðings við endurmat á fasteignum byggt á sjóðstreymi. Lausleg skoðun Reitunar bendir hins vegar til þess að þar sem leigutekjur byggja á kostnaðarvirði, þá er ekki að myndast neitt viðbótarvirði af búsetusamningum og er að mati Reitunar eðlilegast að styðjast við fasteignamat.

Í árslok 2016 var bókfært virði fasteigna og nýframkvæmda 30.991 m.kr. og voru áhvílandi lá að eftirstöðvum 18.415 m.kr. og veðsetningarlutfall skv. því 59,4%. Í árslok 2017 var bókfært virði fasteigna 38,166 m.kr. og nam veðsetning um 20.550 m.kr. og lækkar veðsetningahlutfallið milli ára í 53,8%. Fasteignamat tekur mið af breytingu á fasteignaverði. Fasteignaverð breytist í samræmi við þróun efnahagsmála. Eins og sést á mynd 8 hefur vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkað nokkrum sinnum síðustu 20 ár eða svo. Mestar urðu ársbreytingarnar 2008-2010 samtals um 37,8% að raunvirði og 14,7% að nafnvirði. Þær lækkanir sem urðu þar á undan voru mun lægri.



Mynd 8: Ársbreyting vísitölu íbúðaverðs
Heimild: Þjóðskrá, Hagstofan, Reitun

Vegna þessara miklu sveiflna miðar Reitun við breytingar á bilinu 10-50% í sínu næmnisprófi, sbr. töflu 4. Það próf bendir hins vegar til að kröfuhafar væru vel settir með fasteignir Búseta sem veð þar sem verðlækkun mæti verða meiri en 40% áður en kröfur þeirra breyttust í almenna kröfu. Ástæða þessa er sú að veðsetning er nú innan við 60%.

Endurheimtugreining (ma.kr.)					
Virði fasteigna	38.166				
Áætlað hlutfall veðsetningar	100%				
Veðsett	38.166				
Óveðsett	0,0				
Sviðsmyndir um verðlækkun íbúðarhúsnæðis					
	10%	20%	30%	40%	50%
Lækkað verð veðsettra eigna	34.349	30.533	26.716	22.899	19.083
Kröfur kröfuhafa veðeigna					
	16.898	16.898	16.898	16.898	16.898
Endurheimtur kröfuhafa veðeigna					
	16.898	11.762	11.762	11.762	10.239
Nýjar almennar kröfur v. veðkrafna	0	0	0	0	-2.185
Endurheimtur kröfuhafa veðeigna					
	100%	100%	100%	100%	113%

Tafla 5: Næmnispróf vegna mikilla verðbreytinga á íbúðaverði
Heimild: Búseti, Reitun

D. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði Reitunar við lánshæfismat á Búseta fellur undir mat á fasteignafélögum. Hins vegar þarf að taka tillit til þess eðlismunar sem felst í leigu- og eigendafyrirkomulagi Búseta í samanburði við önnur fasteignafélög. Fasteignafélög þurfa að hafa traustan fjárhag og góða lausafjárstöðu vegna þeirra miklu fjárfestinga sem fylgir slíkri starfsemi. Þættir eins og sjóðstreymi, vaxta- og afborgunarþekja, uppreiknað veðsetningarhlutfall skipta hvað mestu máli fyrir lánshæfismat á þessum rekstri auk þess sem almennur rekstur, stjórnendur, framtíðarsýn og fjárfestingar skipta einnig máli.

Greining á lánshæfi skiptist upp í huglæga og hlutlæga þætti. Fyrri hluti skýrslunnar tekur á huglægum þáttum rekstursins líkt og viðskiptaáhættu þar sem m.a. markaðsstaða félagsins er skoðuð og lagt mat á þætti í ytra umhverfi. Síðari hlutinn tekur á hlutlægum þáttum s.s. fjármálaáhættu þar sem m.a. er lagt mat á fyrirsjáanleika sjóðstreymis. Mat á undirliggjandi eignum sem og væntar endurheimtur, komi til greiðslufalls, vega þungt við gerð lánshæfismats fasteignafélaga. Notast er við alþjóðlegar matsgrindur og viðmiðanir við matið og horft einkum til *REITs, *REOCs og *CMBS.

Lánshæfiseinkunn Reitunar er innlend einkunn (national rating). Þannig er einkunnarskalanum hliðrað og besti innlendi lántakinn, ríkissjóður, gefin viðmiðunareinkunnin i.AAA og aðrir innlendir lántakendur metnir út frá honum. Lánshæfiseinkunn viðkomandi útgefanda sýnir þannig líkur á greiðslufalli og væntum tapslíkum umfram ríkissjóð.

Einkunnarskalinn sem Reitun notast við er mjög í samræmi við alþjóðlega einkunnarskala fyrir utan að i. er bætt fyrir framan til að sýna að um innlendan skala sé að ræða.

*REIT: Real Estate Investment Trust

*REOC: Real Estate Operating Company

*CMBS: Commercial Mortgage-Backed Securities

FJÁRHAGSKAFLI

Viðauki 1: Fjárhagur

Rekstrarreikningur ársins	2013	2014	2015	2016	2017
Búsetu- og leigutekjur	903.206.992	982.733.364	1.050.722.647	1.110.556.420	1.389.090.855
Seldur búseturéttur án kaupskyldu	46.888.593	107.377.119	68.048.443	397.039.832	819.257.951
Aðrar tekjur	29.335.469	25.081.159	27.941.207	29.971.494	34.503.863
Rekstur íbúðarhúsnæðis	-270.841.867	-326.191.646	-334.036.310	-373.419.299	-456.467.808
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-84.023.263	-86.473.696	-86.792.337	-125.009.668	-137.828.243
Afskriftir fastafjármuna	-6.338.281	-6.942.737	-9.347.886	-15.162.616	-16.850.675
Virðisrýrnun fastafjármuna		0	0		
Rekstrarhagnaður	618.227.643	695.583.563	716.535.764	1.023.976.163	1.631.705.943
	63%	62%	62%	67%	73%
Fjármunatekjur	25.495.586	21.905.086	41.186.157	27.008.050	25.408.494
Fjármagnsgjöld	-885.405.424	-568.645.812	-708.332.030	-736.830.129	-761.696.517
Matsbreyting íbúðarhúsnæðis	774.012.243	1.886.797.298	1.516.366.458	3.728.026.864	3.853.161.970
Hagnaður fyrir skatta	532.330.048	2.035.640.135	1.565.756.349	4.042.180.948	4.748.579.890
Tekjuskattur	-114.628.237	-424.695.251	-349.252.970	-827.255.627	-958.762.890
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	417.701.811	1.610.944.884	1.216.503.379	3.214.925.321	3.789.817.000
Aflögð starfsemi		0	0		
Hagnaður ársins	417.701.811	1.610.944.884	1.216.503.379	3.214.925.321	3.789.817.000

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2017
--------	------------	------------	------------	------------	------------

Fastafjármunir

Íbúðarhúsnæði og lóðir	17.384.793.001	18.940.206.299	20.477.572.757	27.056.242.322	34.323.218.656
Verk í vinnslu		1.605.371.376	3.326.156.990	3.934.494.227	3.842.605.124
Rekstrarfjármunir	140.561.163	158.863.518	179.628.788	165.616.352	168.403.648
Eignarhlutir í dótturfélagi					
Tryggingasjóður	0	0	0	0	0
Skuldabréfaeign - búseturéttur	1.720.154	135.823	0	0	0
Tekjuskattsinnæign		0	0	0	0
Kröfur á tengd félög		0	0	0	0
	17.527.074.318	20.704.577.016	23.983.358.535	31.156.352.901	38.334.227.428

Veltufjármunir

Rekstrarvörubirgðir	1.991.339	2.554.858	2.819.654	2.781.158	2.758.400
Viðskiptakröfur	29.290.628	22.602.202	20.147.230	36.790.665	27.101.236
Verðbréf	211.334.965	208.701.855	378.718.862	340.683.853	174.853.873
Næsta árs afborgun skuldabréfa	2.789.724	2.088.749	393.288	0	0
Kröfur á tengd félög		0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur	19.543.844	88.978.642	48.155.873	80.315.438	95.067.514
Heiti liðar		0	0		
Handbært fé	373.351.778	200.087.661	347.271.358	189.104.233	189.855.487
Heiti liðar		0	0		
	638.302.278	525.013.967	797.506.265	649.675.347	489.636.510

Eignir	18.165.376.596	21.229.590.983	24.780.864.800	31.806.028.248	38.823.863.938
---------------	----------------	----------------	----------------	----------------	----------------

Eigið fé og skuldir

Eigið fé					
Stofngjald	8.120.900	8.120.900	8.120.900	8.120.900	8.120.900
Yfirverðsreikningur hlutafjár		0	0		
Varasjóður	1.888.778	1.888.778	1.888.778	1.888.778	1.888.778
Endurmatsreikningur	6.357.973.550	7.867.411.764	9.080.504.930	12.062.926.421	15.145.455.997
Gangvirðisreikningur		0	0		
Þýðingarmunur		0	0		
Heiti liðar		0	0		
Ójafnað tap	-2.997.910.101	-2.896.403.431	-2.892.993.218	-2.660.489.388	-1.953.201.964
Eigið fé	3.370.073.127	4.981.018.011	6.197.521.390	9.412.446.711	13.202.263.711

Langtímaskuldir og skuldbindingar

Skuldir við lánastofnanir	11.768.955.294	11.551.859.422	11.533.904.899	14.620.682.263	16.897.577.977
Skuldir við lánastofnanir, framkvæmdalán	0	0	3.295.140.519	3.532.859.153	74.395.078
Búseturéttur	1.035.355.585	1.021.126.465	981.036.347	928.195.705	897.262.726
Tryggingafé vegna leigufélaga	74.028.671	81.083.945	85.468.833	87.044.589	93.877.629
Skuldir við tengd félög		0	0		
Tekjuskattsskuldbinding	969.132.281	1.393.827.532	1.743.080.502	2.570.336.129	3.529.099.019
Aðrar skuldbindingar		0	0		
	13.847.471.831	14.047.897.364	17.638.631.100	21.739.117.839	21.492.212.429

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	15.395.674	44.188.609	99.319.183	213.616.885	210.068.762
Skuldir við lánastofnanir, framkvæmdalán	510.518.605	1.916.079.768	538.318.486	0	3.257.628.722
Aðrar skuldbindingar		0	0		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	159.999.935	175.539.984	228.433.730	261.452.582	300.863.440
Ógreiddir reiknaðir skattar		0	0		
Heiti liðar		0	0		
Næsta árs afborganir framkvæmdalána		0	0		
Aðrar skammtímaskuldir	261.917.424	64.867.247	78.640.911	179.394.231	360.826.874
	947.831.638	2.200.675.608	944.712.310	654.463.698	4.129.387.798
Skuldir	14.795.303.469	16.248.572.972	18.583.343.410	22.393.581.537	25.621.600.227
Eigið fé og skuldir	18.165.376.596	21.229.590.983	24.780.864.800	31.806.028.248	38.823.863.938

Yfirlit um sjóðstreymi ársins	2013	2014	2015	2016
Rekstrarhreyfingar				
Hagnaður samkvæmt rekstrareikningi	417.701.811	1.610.944.884	1.216.503.379	3.214.925.321
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	6.338.281	6.942.737	9.347.886	15.162.616
Söluhagnaður fastafjármuna	0	0	-279.140	0
Matsbreyting verðbréfa	-4.711.418	-6.281.403	-28.020.464	-11.964.991
Verðbætur langtímalána	425.662.275	126.898.847	239.305.873	244.665.320
Verðbætur á búseturétt og tryggingafé	13.878.659	4.612.465	9.464.964	6.158.977
Tryggingasjóður	-774.012.243			
Matsbreyting íbúðarhúsnaðis	114.628.237	-1.886.797.298	-1.516.366.458	-3.728.026.864
Tekjuskattur	40.597.890	424.695.251	349.252.970	827.255.630
Varúðarniðurfærsla langtímakrafna				
Veltufé frá rekstri	240.083.492	281.015.483	279.209.010	568.176.009
Rekstrartengdar eignir, (hækkun)	-8.637.629	-26.020.339	10.382.945	-7.680.906
Rekstrartengdar skuldir, hækkun	62.039.437	23.041.183	14.455.764	53.826.273
Handbært fé frá (til) rekstri	293.485.300	278.036.327	304.047.719	614.321.376
Fjárfestingahreyfingar				
Keypt íbúðarhúsnaði / Verk í vinnslu	-508.316.232	-1.306.617.376	-1.654.707.141	-3.424.319.886
Selt íbúðarhúsnaði	0	0	0	
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	-20.942.133	-25.245.092	-29.834.015	53.990.820
Keypt/seld skuldabréf		0	0	
Afborganir skuldabréfa	4.908.355	2.285.306	1.831.284	393.288
Keypt/seld verðbréf	2.395.244	8.914.513	-141.996.543	50.000.000
Keyptir/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélagum		0	0	
Hækkun/(lækkun) á kröfum á tengd félög		0	0	
Keypt/seld markaðsverðbréf		0	0	
	-521.954.766	-1.320.662.649	-1.824.706.415	-3.319.935.778
Fjármögnunarhreyfingar				
Greiddur arður		0	0	
Afborganir langtímaskulda	-244.272.493	-173.761.069	-228.164.037	-2.714.531.865
Nýjar langtímaskuldir		349.828.899	23.797.387	5.620.000.000
Búseturéttur, breyting	-10.157.499	-57.975.785	-48.798.795	-58.751.991
Tryggingafé, breyting	2.602.280	6.314.987	3.628.601	1.330.985
Hækkun/(lækkun) á framkvæmdalánum	490.000.000	744.955.173	1.917.379.237	-300.599.852
	238.172.288	869.362.205	1.667.842.393	2.547.447.277
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár	9.702.822	-173.264.117	147.183.697	-158.167.125
Handbært fé í upphafi árs	363.648.956	373.351.778	200.087.661	347.271.358
Handbært fé í lok árs	373.351.778	200.087.661	347.271.358	189.104.233

FYRIRVARAR

Skýrslan er unnin samkvæmt samningi við Búseta hsf. um greiningu og mat á lánshæfi á Búseta hsf.

Við gerð þessarar greiningar og mats á lánshæfi er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, s.s. lánasamningar, starfsreglur og fjárhagslegar sundurliðanir auk annarra upplýsinga sem og annarra aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar ekki tekið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að lánshæfismat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri

þjónustu. Útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Verðmöt og greiningar eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.